


MONITOR



TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÐ



Tyggðu fram bros



Rannsóknir sýna að notkun sykurlauss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær.

Extra minnkar upptöku hitaeninga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.

WRIGLEY'S
Extra[®]

Gott bragð fyrir heilbrigðar tennur...



Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuafnis í tyggigúmmii



Mynd/Árni Sæberg

Styttist í plötuna

Haffi Haff gefur út sína fyrstu plötu í sumar. Hann segist vera sjálf-lærður í tónlist.

Athafnamaðurinn og tískumóguillinn Haffi Haff gefur út sína fyrstu plötu í sumar. Haffi á að baki slagara á borð við The Wiggle Wiggle Song og Jealousy og bíða fjölmargir spenntir eftir frumraun kappans í plötuútgáfu. „Ég er búinn að leggja gríðarlega vinnu í nýju plötuna,“ segir Haffi, sem starfar með Öryggi Smára og upptökugenginu Stop Wait Go að gerð plötunnar.

Sjálf-lærður í tónlist

Haffi segist koma að flestum þáttum plötunnar, þótt hann hafi aldrei stundað tónlistartengt nám. „Fólk þarf að átta sig á því að ég er ekki faglærður tónlistarmaður. Ég þekki ekki inn á hljóðfærin og alla þá hluti. Ég hef kennt mér sjálfur allt sem þarf til að búa til tónlist, til dæmis hvernig á að búa til melódíur, takta og þess háttar. Þannig

að hvort sem fólki líkar betur eða verr þá er meirihlutinn á plötunni saminn og hljóðbland-ður af mér, þó svo að ég hafi ekki haft hugmynd um hvernig ég ætti að gera það þegar ég lagði af stað,“ segir Haffi og hlær.

Hann segist löngum hafa stefnt að því að gera plötu. Í kjölfar útgáfunnar ætla hann að halda ótraudur áfram og sjá hvert nýja platan leiðir hann. „Málið er að þú leggur ekki svona hart að þér við eitthvert verkefni og kemst á ákveðinn stall bara til þess eins að labba í burtu frá öllu saman. Það væri bara kjánalegt. Ég hef vitað í langan tíma að eitthvað á borð við þetta yrði á vegi mínum í framtíðinni. Ég er samt þannig gerður að ég hef gaman af því að fást við mismunandi hluti, ég veit aldrei hvað kemur næst. Ef mig langar að gera eitthvað þá geri ég það.“

Með Óla Geir um páskana

Um páskahegginu ætla Haffi að ferðast með Óla Geir, sem er fyrrverandi herra Ísland, um landið og skemmta dansþyrstum Íslendingum.

Þeir Óli Geir hafa starfað saman undanfarin tvö ár og komið fram á mörgum skemmtunum. „Þetta er búið að vera virkilega skemmtilegt. Núna erum við í raun bara að fagna tónlistinni sem slíkri og ég er að hita fólk upp fyrir plötuna mína, sem kemur líklega út í júlí,“ segir Haffi.

Hann segir samstarfið með Óla Geir ganga mjög vel. „Óli veit alveg nákvæmlega hvernig ég vil hafa mín sjón,“ segir Haffi og er ánægður með að fá tækifæri til að fara út á land með tónlistina. „Ég elska að fara út á land að spila. Ég vildi bara óska að við gætum gert meira og farið á fleiri staði, en það er bara svo lítill tími sem við höfum í þetta skipti,“ segir hann.

Haffi og Óli Geir verða á Egilsstöðum, Selfossi og Akranesi um páskana.

Haffi Haff

Nafn í Þjóðskrá: Hafsteinn Þór Guðjónsson
Fyrstu sex: 28.09.84
Heitast í tónlist: Ég hlusta mest á minimal poppteknú. Allt sem hljómar eins og það hafi komið frá framtíðinni. Eftir því sem það er minna af hljóði og meiri taktur, þeim mun betra.
Fyrirmynd í tónlist: Lady GaGa. Ég á erfitt með að jíta það, því við erum svo líkar persónur, en tíkin er gjörsamlega með þetta. Það er ekki hægt að neita því. Ég vildi óska þess að ég gæti afrekað einn tíunda af því sem hún hefur gert.

Feitast í blaðinu

Aldrei fór ég suður er á Ísafirði um helgina. Ítarleg úttekt með Mugison. >>>4

Karim Sattar förðunarfræðingur Body Shop í viðtali og gefur förðunarráð >>>8

Jóhanna Guðrún er búin að skipta um umboðsmann og ætla að gefa út lög í sumar >>>12

Sveppi og Auddi verða ekki vinir þegar Man Utd og Chelsea spila >>>16

Filófaxið tekur saman alla helstu viðburði páskahegginna >>>19

Efst í huga Monitor

Að hlaupa 1. apríl

Ritstjórn Monitor ætla ekki að halda 1. apríl hátíðlegan í ár. Monitor hefur ekki hjarta í að gabba lesendur sína og láta þá hlaupa út um holt og hæðir, til þess eins að grípa í tóm og verða fyrir vonbrigðum. Það er því ekkert apríl-gabb í blaðinu. Ritstjórn Monitor listaði þó niður nokkur möguleg apríl-göbb og helstu kosti þeirra og ókosti.



Apríl-gabb #1

Monitor stendur fyrir fjölskyldu-skemmtun á Fimmvörðuhálsi. Hljómsveitin Hraun leikur fyrir dansi og fritt gos fyrir börnin. **Kostur:** Allir hafa gott af því að

fara úr bænum og fint að kíkja á gosið. **Ókostur:** Ófrumlegt, líklega allir fjölmíðlar landsins með apríl-göbb tengd gosinu.



Apríl-gabb #2

Húsdýragarðurinn er búinn að eignast ísbjörn. Af því tilefni verður Húsdýragarðurinn opinn alla páskana. Ef færri en 5.000 manns láta sjá sig á laugardaginn verður ísbjörninn skotin.

Kostur: Húsdýragarðurinn er opinn um páskana og örugglega ekkert leiðinlegt að kíkja þangað. **Ókostur:** Hræðir börnin og bannað að vera vondur við ísbirni.



Apríl-gabb #3

Forsætisráðuneytið auglýsir lausa til umsóknar stöðu kattasmala. Viðkomandi þarf að geta hafið störf strax og verður sjálfur að útvega háf.

Kostur: Nokkuð fyndið og fær fólk til að halda að ritstjórn Monitor fylgist með þjóðfélagsmæðunni. **Ókostur:** Of margir munu sjá sér leik á borði og sækja um, enda erfiðir tímar og atvinnuþref.

Gleðilega páska!
Ritstjórn Monitor

Monitor mælir með


Á NETINU Flickmylife.com er íslenskur vefur þar sem búið er að safna saman furðulegum myndum, myndum tvíförum og fáránlegum uppákomum á Facebook. Kom eins og skrattinn úr sauðarleggn-um, en það er ekki hægt að fletta í gegnum þennan vef án þess að fara að hlæja.



Í MAGANN Páskaegg er eitthvað sem augljóst er að mæla með um páskana, en Monitor hefur heyrt af fólki sem ætla ekki að leyfa sér þennan yndislega munað. Nú er ekki rétti tíminn til að hugsa um línurnar eða haga sér fullorðinslega. Nú á maður að borða súkkulaði og svo mikið af því að maður bíði þess ekki bætur.



FYRIR GEDHELSUNA Forðaðu þér úr bænum! Ef ekki um páskana, hvenær þá? Aldrei fór ég suður er á Ísafirði og á Akureyri er líka smekktull dagskrá. Nú svo er klassískt að fara bara í bústað eða heimsækja vini og vandamenn sem búa úti í rassgati. Þeir sem eru fastir í lærdómi eða vinnu fá samúðarkveður frá ritstjórn Monitor. En þeir ættu einmitt að fá sér páskaegg.



Vikan á... facebook

Ingólfur Þórarinnsson páskatúrinn að detta í gang, breiðin á miðvikudagskvöld - loksins á skagann! Ég hlakka svo til eins og svala björgvins. 30. mars 2010 kl. 20:56

Logi Geirsson Nákvæmlega fyrir 1 ári síðan var ég að vakna í móki eftir Axlaraðgerðina ;) mikið vatn búið að renna til sjávar síðan þá !!! Annars snilldardagur, Tan & Grill ;) bestu kveðjur og svo slátra BM-MU í kvöld... 30. mars 2010 12:13

Veigar Páll Gunnarsson Er meiddur og er á leiðinni heim á morgun. 29. mars 2010 kl. 15:44

Klara Ósk Elíasdóttir Nip / tuck eru sjúkustu þættir ever made!! Eg elska þá samt! 30. mars 2010 23:47

Birgir Örn Steinarsson spáir að þessi sveit hérna - of monsters and men - vinni músiktilraunir á eftir! 27. mars 2010 kl. 20:41

Allir fara vestur



ÍSAFJÖRÐUR VERÐUR HEITASTI
STADUR ÍSLANDS UM PÁSKANA,
FYRIR UTAN FIMMVÖRÐUHÁLS

Tónlistarhátíðin **Aldrei fór ég suður** verður haldin í sjö- unda skipti á **Ísafirði** um páskana. Tónlistarmaðurinn **Mugison** er sannkallaður guðfaðir hátíðarinnar og á að sjálfsögðu von á eittraðri stemningu.

ÞAU VERÐA Á ÍSAFIRÐI UM HELGINA

- Baunirnir
- Biggibix
- Biogen
- Bloodgroup
- Bróðir Svartúlfs
- Dikta
- Drengjakórinn Konráð
- Geirfluglarnir
- Hjaltalín
- Hjálmar
- Hudson Wayne
- Ingó og Veðurguðirnir
- Jitney
- Klíkkhausarnir
- Kortir í þrjú
- Lay Low
- Lára Rúnars
- MC Isaksen
- Mið-Ísland
- Morðingjarnir
- Mugison
- NineElevens
- Orphic Oxta
- Ólöf Arnalds
- Óminnishegrar
- Pollapönk
- Rúnar Þór
- Rúnar Þóris
- Sesar A, BlazRoca og DJ Kocoon
- Sigríður Thorlacius
- Skúli hinn mennski og Grjót
- Sólinn frá Sandgerði
- Stjómuryk
- Tom Hannay
- Ugly Alex
- Urmull
- Yxna

„Þetta var bara ein af þessum fyllirís- hugmyndum sem maður fær og gaman að sjá hvað þetta hefur lifað lengi,“ segir Örn Elías Guðmundsson, betur þekktur sem Mugison. Hann og faðir hans, Guðmundur Kristjánsson, betur þekktur sem Papamug, fengu hugmyndina að því að gera tónlistarhátíð á Ísafirði þegar þeir sátu og drukku bjór í útlöndum sumarið 2003.

„Á fyrstu hátíðinni ætluðum við að fá þrjú eða fjögur bönd, en það endaði með því að fjórtán bönd mættu. Það var mikill hiti í kringum hátíðina þá, því orðrómur var á kreiki um að Björk myndi kannski mæta. Hún er náttúrulega svoddan drottning að bara orðrómurinn um að hún gæti verið á staðnum varð til þess að það mætti alveg hellingur af fólki. Björk lét reyndar ekki sjá sig, en fólk skemmti sér alveg helvíti vel, enda voru alveg æðislegar hljómsveitir þarna,“ segir Mugison.

Stækkar á hverju ári

Stemningin á fyrstu hátíðinni var svo góð að þeir Mugifeðgar voru hreinlega neyddir til þess að halda hana aftur. „Það hefur verið vinsælt að fá að spila hérna. Upphaflega var þetta bara einn dagur. Fjöldi hljómsveita jókst hins vegar með hverju árinu og á endanum vorum við komin með einhver 40 atriði, þannig að við urðum að bæta við öðrum degi,“ segir Mugison.

Hann segir að stefnan hafi alla tíð verið að blanda saman stórum nöfnum og þeim sem eru minna þekkt en lofa góðu. „Fyrir fjórum eða fimm árum spilaði til dæmis Bloodgroup hjá okkur. Þá vissi enginn hvaða hljómsveit þetta var, en þau náðu upp alveg svakalegri stemningu,“ segir Mugison. Hann á erfitt með að áætla hversu margir munu mæta í ár. „Það er frítt inn þannig að við höfum ekkert verið að telja. Löggan sagði okkur í fyrra að það hefðu verið um 2.500 manns.“

Allir hættir að styrkja

Aldrei fór ég suður hlaut Eyrarrósina 2008, en það eru verðlaun sem veitt eru árlega fyrir

Annars er ég meira bara í loðpels sem listrænn stjórnandi og læt pabba minn og rokkstjórann um áhyggjurnar.

afburða menningarverkefni á landsbyggðinni. Mugison segir þá viðurkenningu hafa komið sér afar vel, en verðlaunaféð hljóðar upp á 1,5 milljónir. „Það er alltaf gaman að fá smá aukapening. Þótt allir séu að gefa vinnu sína, er kostnaðurinn talsverður. Eftir að kreppan skall á hættu menn að vilja styrkja svona og þá eru opinberir styrkir það eina sem er eftir,“ segir Mugison.

Þótt hart sé í ári telur hann að hátíðin komi út réttum megin við núllið, eins og í fyrra. „Við komum ekki út í tapi í fyrra og á einhverjum fundi um daginn var talað um að hátíðin í ár myndi sleppa fyrir horn, svona miðað við að allt gangi eðlilega. En annars er ég meira bara í loðpels sem listrænn stjórnandi og læt pabba minn og rokkstjórann um áhyggjurnar.“

Mikil fjölskylduhátíð

Mugison segir Aldrei fór ég suður vera mikla fjölskylduhátíð og það sé einn helsti kostur hennar. „Það er ekkert aldurstakmark og mér finnst einmitt helsti galdurinn við þessa hátíð hvað það ríkir mikil fjölskyldustemning, þrátt fyrir að það sé á köflum svolítið jaðarleg lykt af þessu. Það er alveg æðislegt að hafa krakka- ana hérna. Bæði vegna þess að það er bara meira stuð og líka vegna þess að það kemur í veg fyrir alls konar vesen. Fulli gaurinn þorir ekkert að vera leiðinlegur ef það eru börn í kringum hann,“ segir Mugison.



MUGISON ER GUÐFAÐIR HÁTÍÐARINNAR
ALDREI FÓR ÉG SUÐUR

Mynd/Eggert

Leikar hefjast klukkan 17 á föstudeginum með stelpurokktónleikum í kirkjunni á Ísafirði. Þar munu Ólöf Arnalds, Lay Low, Lára Rúnars og brassbandið Baunirnir tróða upp. Þaðan verður rölt yfir á tónleikastaðinn með látum. Þegar Monitor fór í prentun var ekki búið að ákveða uppröðun hljómsveita, en Mugison segir það jafnan gert daginn sem hátíðin hefst.



ÓTARR PROPPÉ, SVANBORG
OG MUGISON Á ÍSAFIRÐI

Málþing um íslenska tónlist

Reynsluboltar úr tónlistinni láta gamminn geysa

Kraumur tónlistarsjóður stendur fyrir málþingi um tónlist og íslenskt tónlistarlíf á meðan á hátíðinni stendur. Þar munu ýmsir reynsluboltar úr íslensku tónlistarlífi láta gamminn geysa. Á meðal þeirra sem eru á mælendaskrá eru Högni úr Hjaltalín, Heiðar úr Botnleðju, Haukur Heiðar úr Diktu, Lára Rúnars, Grímur Atlason bæjarstjóri og Mugison sjálfur.

„Við byrjuðum á þessu fyrir þremur árum. Þá var bara einn á mælendaskrá, en það var Óttarr Proppé sem ræddi um menningarleg áhrif hljómsveitarinnar Abba,“ segir Mugison. Hann segir að uppþækið hafi mælst vel fyrir, enda flestir sem að málþinginu koma á kafi í tónlist og textagerð.

Þær spurningar sem ræddar verða:

- Er stafræn útgáfa, fullgild útgáfa?
- Hvernig er landslagið í tónlistarheiminum í dag, er Ísland á kortinu?
- Er hægt að lifa af músíkinni einni saman?
- Hver eru áhrif minnkunar opinbers stuðnings til tónlistar? Ráðstefnan og námskeiðin fara fram í Edinborgarhúsinu og er frítt inn. Yfirgnæfandi líkur eru á því að kaffi og kleinur verði á boðstólnum.



Ég suður



Mugison og Helgi Björns í slag?

Aðeins ein leið til að útkljá hver er frægasti Ísfirðingurinn í dag

„Rabbi heitinn Jóns ber náttúrlega höfuð og herðar yfir okkur alla,“ segir Mugison, þegar hann er spurður hver sé frægasti Ísfirðingurinn. „Helgi Björns er auðvitað frá Ísafirði og Rúnar Þór, trúbador. Frægasti maðurinn í mínum huga er Dóri Hermanns, sem er svona verkalýðshetja,“ segir Mugison.

Hann segist hafa karpað við Helga

um hvor þeirra sé frægari. „Við Helgi vorum einhvern tímann að spá í að taka bara boxið á þetta og slást um það hvor okkar væri frægari. Það þyrfti samt eiginlega að vera keppni á milli okkar í nokkrum liðum. Við þyrftum að taka eina lotu í boxi. Svo þyrftum við að synda í sjó og fara líka í drykkjukeppni. Þetta þyrfti að vera svona maraþon,“ segir Mugison.



Skíðavikan 75 ára

Skíðavikan verður haldin á Ísafirði um páskahelgina, en hún var haldin fyrst árið 1935 og á því 75 ára afmæli í ár. Á vefnum skidavikan.is má lesa allt um dagskrána, sem er þéttþökkuð frá miðvikudegi til mánudags og langt frá því að höfða eingöngu til þeirra sem hafa áhuga á skíðaþróttinni. Forsvarsmenn Aldrei fór ég suður og Skíðavikunnar hafa verið í góðu samstarfi og algengt að fólk rölti á milli eftir viðburðum.



Hvar á að gista?

Á aldreif.is er að finna upplýsingar um hótél og gistiheimili á Ísafirði og í nágrenni. Líkurnar á að nýta sér þennan kost fara þó minnkandi með hverjum deginum, en iðulega er uppbókað í gistirýmum bæjarins yfir þessa helgi. Vinsæl leið er að fara hreinlega inn á Íslendingabók eða í gamalt fjölskyldualbúm og grafa upp gamla frændur og frænkur. Þá er hægt að rifja upp kynni frá nýlegu ættarmóti og fá að vera í stofunni á dýnu. Einhverjir hafa sofíð í bílum, en það er reyndar ekki sérstaklega fýsilegur kostur. Ef allt annað bregst getur alltaf farið svo að lögreglan opni fangelsið og hrúgi mannskapnum inn í grjótið, eins og gert var um árið.



Hvað á að borða?

Thai Koon býður upp á góðan asískan mat. Í Hamraborg er að finna klassískan sjoppumat á borð við pítsur, hamborgara og steikarsamlökur. Þeir sem eru ekki með galtómt veski geta brugðið undir sig betri fætinum og borðað á hótelinu, en þar er hægt að fá öllu finni mat en í sjoppunum. Lúgusjoppa Krílið er vinsæl og þar er hin svokallaða Kroppsæla þjóðarréttur. Síðast en ekki síst ættu menn að kíkja á Ömmu Habbý, sem er eins konar vestfirskur Hard Rock með bar, stuði og stemningu. Þetta er aðeins brot af þeim stöðum sem bjóða upp á mat á Ísafirði og í nágrenni.



Hvernig á að komast?

Lítið er eftir af flusætum hjá Flugfélagi Íslands. Monitor mælir með að menn hópi sig saman í bíl og keyri á staðinn. Stysta leiðin er um 450 km.

Útivistarleikur Homeblest & Maryland

DETTUR ÞÚ Í LUKKUPOTTINN

Ef þú kaupir Homeblest eða Maryland kexpakka gætir þú unnið glæsilegan vinning.

3 x 50.000 kr. úttektir
48 x 15.000 kr. úttektir
frá Útílífi, Intersport eða Markinu.



Leynist vinningur í pakkanum þínum!



Spurningakeppni fjölmiðlanna

Kvikmyndir, tónlist og fjöldi hringtorga

„Ég hef mjög gaman af spurningakeppnum, það er bara þannig,“ segir fjölmiðlaprinsinn Logi Bergmann Eirsson. Hann er umsjónarmaður spurningakeppni fjölmiðlanna, sem fer fram á Bylgjunni um páskana. Logi semur spurningarnar sjálfur og segist hann hafa sérstaklega gaman af óhefðbundnum fróðleik. „Mér finnst gaman að spyrja um hluti sem fólk hefur kannski ekki getað lært utan að. Hluti sem maður hefur heyrt eða séð mörgum sinnum, en man kannski ekki alveg,“ segir Logi og nefnir sem dæmi að hann hafi samið spurningu um fjölda hringtorga á ákveðnum stað. „En það er auðvitað mikið um tónlist

og kvikmyndir. Mennt eiga kannski að þekkja hljóðbúta úr kvikmyndum eða finna texta í lögum. Þetta er auðvitað á Bylgjunni þannig að það er mikið af tónlist,“ segir Logi.

Aðspurður hvort hann hafi tekið að sér umsjón fjölmiðlakeppninnar vegna óbærilegs söknuðar eftir spyrilshlutverkinu í Gettu betur hlær hann og segir: „Ég get nú ekki sagt að það sé ástæðan. En það var auðvitað mjög skemmtilegt að vera í Gettu betur.“ Spurningakeppni fjölmiðlanna hefst með 16 liða úrslitum á skírdag og fara úrslitin fram á páskadag. Monitor er að sjálfsgöðu með í keppninni og mætir RÚV í 16 liða úrslitum.



ÞEGAR LOGI SPYR SPURNINGA ER FÓLKI HOLLARA AÐ SVARA

EUROVISION



EURO-HAUKUR ER DÓSENT Í EUROVISION

Þrjú líf Úkraínu

Því er oft haldið fram að pólitík sé allsráðandi í Eurovision. Fáir hafa þó fengið að kenna eins illa á henni og Vasyll nokkur Lazarovich, sem þar til fyrir nokkrum dögum var tilvondandi fulltrúi Úkraínu í keppninni.

Það var í nóvember sem úkraínska ríkissjónvarpið tilkynnti að Vasyll hefði, með innan-hússákvörðun, verið valinn til að bera fána landsins í Ósló í maí. Vasyll og arfaslök ballaða hennar ollu hins vegar vonbrigðum margra dyggja Eurovision-aðdáenda, enda nokkur hefð fyrir því að Úkraína sendi hressar ofurkonur

sem geta snúið jafnvel hýrustu mönnum. En í landi þar sem hrúðurkarl getur orðið forseti getur allt gerst. Ný ríkisstjórn tók við völdum í mars

og nýr sjónvarpsstjóri var skipaður. Hann hnekkti strax ákvörðun fyrri sjónvarpsstjórans og boðaði til undankeppni. En tíminn var naumur. Einungis örfáir dagar voru þar til frestur landa til að senda lög í keppnina rann út og á þremur dögum fóru því fram prufur, forkeppni og loks lokakeppni. Vasyll fékk að taka þátt en galt afhröð og hin unga Alyosha sigraði með laginu To Be Free.

Strax næsta dag kom þó í ljós að lagið To Be Free hafði verið gefið út tveimur árum áður, auk þess sem það er nær fullkomið afrit af gömlu lagi eftir söngkonuna Lindu Perry úr 4 Non Blondes. Það var því dæmt úr leik. Tími Úkraínu var á þrotum en stjórn söngvakeppninnar aumkaði sig yfir nýja sjónvarpsstjórnann og veitti vikufrest til að leysa úr vandanum. Ákveðið var að Alyosha fengi að fara en með annað lag, Sweet People. Það hefur hlotið blendnar viðtökur og ekki er talið að Úkraínunmenn ríði feittum hesti frá keppninni. Það verður þó seint sagt að þeir hafi ekki gefið þessu séns.



RUSLANA SIGRADI 2004



ÚKRAÍNUMENN SENDA ALYOSHA TIL LEIKS Í ÁR

Léttari föt með hækkandi sól

Andrea Röfn fór í Gallerí Sautján og dressaði sig upp fyrir páskana.



SÓGLERAUGU
„Fjárfestu í nýjum fyrir sumarið.“
1.990 kr.
Gallerí Sautján

BLAUTUR AUGNLÍNUPENNI
„Einfaldur í notkun með áföstum pensli. Svartur, brúnn og grábrúnn.“
Verð: 1.490 kr.
Body Shop

MASKARI
„Pykkir og lengir. Einkar góður til að greiða augnhárin.“
Verð: 1.790 kr.
Body Shop

GESTUZ TOPPUR
„Pastel-litir eru sjóðheittir um þessar mundir.“
6.990 kr.
Gallerí Sautján



KEÐJUBELTI
„Töffarabelti á hagstæðu verði.“
3.990 kr.
Gallerí Sautján

HÁLSFESTI
„Hressir upp á látlaus dress.“
2.990 kr.
Gallerí Sautján

TASKA
„Til að fullkomna lúkkið.“
8.990 kr.
Gallerí Sautján

G-STAR GALLABUXUR
„Gæjalegt snið frá G-Star.“
23.990 kr.
Gallerí Sautján

AUGNHÁRA-BRETTARI
„Ómissandi fyrir förunina.“
790 kr.
Body Shop

STÍGVÉL
„Reimuð stígvél á alla fætur.“
19.990 kr.
GS Skór

ANDREA RÖFN JÓNASDÓTTIR

Fyrstu sex: 15.02.92
Nemi á öðru ári í Verzló.

Hvað filar þú mest í tísku um þessar mundir? Wedges, sem eru skór með fylltum hæl, og víðar buxur sem þrengjast að neðan. Líka mikið af hálsmenum og armböndum og slíku.

Hvaða liti filar þú mest? Ég er mest í svörtu og gráu. Ég fíla samt mjög vel að vera í lituðum flikum, en ég finn mér alltaf eitthvað í svörtu og gráu. Svo á ég reyndar bara hvíta boli.

Hvaða flik keyptir þú síðast? Ég er nýkomin frá Danmörku og í mestu uppáhaldi eru svartir Monki-skór með fylltum hæl sem ég keypti þar.

Uppáhaldsmerki? Núna er það Monki, sem er mjög vinsælt á Norðurlöndum og í Þýskalandi.

Hverju myndir þú aldrei klæðast? Aldrei að segja aldrei, en hingað til hef ég ekki klæðst rauðum gallabuxum.

Hvaða tónlist hlustar þú mest á? Ég elska hipphopp og hlusta líka mikið á íslenska tónlist.

Hvað ætlar þú að gera um páskana? Læra. Ég er að fara til útlanda í vikunni fyrir próf, þannig að ég þarf að nýta tímann núna til að læra.

En í sumar? Ég er að fara að vinna í íþróttaskólanum hjá KR og svo ætla ég að ferðast. Ég ætla að reyna að fara til Frakklands í frónskuskóla og svo ætlum við vinkonurnar að reyna að fara líka út saman, kannski til New York.



Myndir/Kristinn

ÉG ER CASANOVA



ÉG ER NIKON COOLPIX S3000. Nett, flott og fánleg í mörgum litum. Með innbyggðri NIKKOR gleiðhornsaðdráttarlinsu, titringsjöfnun og snjallandlitskerfi sem tryggir skarpari myndir. Íslenskar leiðbeiningar. Ég er fullkominn félagi. www.iamnikon.is Verð 29.995

At the heart of the image





MARGRÉT, NANNA ELÍSA OG SÓLRÚN DULBJUGGU SIG SEM HJÚKKUR Í TILEFNI AF KOSNINGAVIKU MR



POPSTJÖRNUR LESA LÍKA MONITOR. LOGI PEDRO ÚR RETRO STEFSON RÝNDI Í BLAÐIÐ Í MH

Og já...

• **Guðmundur Kristjánsson**, knattspyrnumaður úr Breiðablíki, var hrekkur af svakalega af nokkrum félögum sínum úr fótboltanum á dögnum. Þeir höfðu búið til Facebook-ágang í nafni stúlku nokkurrar og fóru að spjalla við hann nokkuð reglulega. Guðmundur mun hafa tekið vel í spjallið og eftir nokkrar þreifingar féllst hann á að hitta „dömunu“ á „heimili hennar“. Þegar Guðmundur mætti á staðinn tóku félagar hans hins vegar á móti honum með myndbandsupptökuvél. Guðmundur var fljótur að yfirgefa staðinn með skottið á milli lappanna.



• **Sveppi, Auddi, Gillzenegger og Villi Naglbitur** eru að fara að taka upp nýjan sjónvarpsþátt í anda Amazing Race í haust. Strákunum verður skipt í tvö lið, sem hefja leik á sitt-hvorri strönd Bandaríkjanna, og keppast um að komast til Minneapolis á sem skemmstum tíma. Auddi og Gillzenegger verða saman í liði og Sveppi og Villi í hinu liðinu. Margir muna eftir keppni þessara sömu liða í sjónvarpsþætti Audda og Sveppa í fyrra, þar sem keppt var um að komast hringinn í kringum landið á met tíma, en þar fóru Sveppi og Villi með sigur af hólmi.



• Þetta er ekki eini þátturinn sem Gillzenegger vinnur að um þessar mundir. Von er á öðrum sjónvarpsþætti, sem byggður er á bókinni Mannasiðir sem kom út fyrir jól. Mannasiðarþættinum verður leikstýrt af knattspyrnumanninum **Hannesi Þór Halldórssyni**. Hannes gerði þættina Atvinnumennirnir okkar og er einn heitasti kvikmyndagerðarmaður landsins í dag.



• Rás 2 leitar nú að nýju stuðningslagi fyrir íslenska handboltalandsliðið og hefur sett upp keppni til að finna það. Lagvissir handboltasjúklingar þurfa að búa til einfalda útgáfu og senda á Rás 2, en sigurlaginu verður svo boðið í Stúdíó Sýrland til að fullvinna lagið. Auk þess fær sigurvegarinn rúm að launum, en þar getur viðkomandi væntanlega látið sigurvímuna líða úr sér. Skilafrestur er til 16. apríl, þegar Íslendingar taka á móti Frökkum í Laugardalshöllinni.



• Gettu betur lauk um síðustu helgi með sigri MR-inga. **Eva María Jónsdóttir** hefur verið nokkuð umdeild í hlutverki sínu sem spyrill og menn velta því fyrir sér hvort ný manneskja verði fengin í starfið á næsta ári. Af þeim sem nefndir hafa verið til sögunnar eru **Erpur Eyvindarson** og **Sölvi Tryggvason**, en margir eru þeirrar skoðunar að **Ágeir Erlendsson**, núverandi stigavörður, sé besti maðurinn í starfið. Hann keppti einmitt sjálfur til úrslita í Gettu betur.



Monitor rokkar í menntaskólunum

Fyrsta vikublað **Monitors** kom út á fimmtudaginn var. Ljósmyndari **Monitors** kíkta í nokkra menntaskóla og kannaði viðbrögðin.



KVENNSKÆLINGAR Í SÓLBAÐI. EINN PEIRRA HAFDI LESIÐ YFIR SIG OG LÁ RÆNULAUS Í GRASINU



ÞESSAR MH-SKÍVISUR VORU Í SKÝJUNUM, ENDA FORMENN ADDÁENDAKLÚBBS ÓLAFS DARRA



MS-INGAR VORU ULLANDI SÁTTIR VIÐ FORSÍÐUNA



VERZLINGUR LES MONITOR YLSLAKUR Á MARMARANUM



ÞESSAR MH-STELPUR GLÖDDUST EINS OG SVÍN Í DRULLUBADI YFIR LESTRI MONITORS



RAGNHEIÐUR OG GRÍMUR Í KVENNÓ VORU ORÐLAUS YFIR KYNÞOKKA LOGA GEIRS



ÞÓRDÍS OG UNA BJÖRG PRÓFARKALESÁ BLAÐIÐ. ÞÆR FUNDU ENGAR VILLUR.



MS-INGUR NOTAR ÓLAF DARRA TIL AÐ SKÝLA SÉR FYRIR ÆSI-FRÉTTALJÓSMYNDARA MONITORS



N1



ALLTAF OPIÐ Í MOSFELLSBÆ



N1 Háholti Mosfellsbæ hefur nú bæst í hóp þeirra N1 stöðva sem eru opnar allan sólarhringinn.

Renndu við hvenær sem þér hentar til að fá þér bita, kaffi og með því eða fylla á tankinn.

FITON/SIA



Opið allan sólarhringinn,
Háholti Mosfellsbæ,
Hringbraut, Ártúnshöfða
og Lækjargötu Hafnarfirði

Nesti 

Tværi hliðar á lífinu

Karim Sattar er þýskur förðunarfræðingur hjá Body Shop. Monitor hitti Karim að máli þegar hann kom til Íslands á dögnum.

Eftir Nönnu Árnadóttur

Ég var ekki einn af þessum förðunarfræðingum sem eru gripnir með maskara mömmu sinnar þegar þeir eru sex ára," segir Karim Sattar. „Þannig var það ekki hjá mér heldur er ég menntaður hárgreiðslumaður. Ég byrjaði að fást við hárgreiðslu, en varð leiður á því og hugsaði með mér: „Nú verð ég að fá tækifæri til að spreyta mig á einhverju öðru.“

Samsetning lita

Karim Sattar er förðunarfræðingur Body Shop og horfir á mig með einlægum áhuga. Augabrúnir hans eru þær best snyrtu sem ég hef nokkru sinni séð. Þær eru stórkostlegar og miklu fallegri en mínar. Nú hef ég spurt hann hvernig stóð á því að hann valdi þetta fag og jafnvel þótt hann hafi eflaust heyrt þá spurningu oftsinnis þá heldur hann áfram hinn ánægðasti. „Ég hafði alltaf verið viðskiptavinur Body Shop og vann þar í hlutastarfi við að leika mér við förðunarvöruborðið. Nokkrum sinnum bauð ég ráðleggingar og þetta þróaðist út frá því. Ég varð sífellt uppteknari af förðunarvörum og var loks boðið starf við að ferðast um Þýskaland og þjálfa starfsmenn verslana í meðhöndlun lita. Nú fjórtán árum seinna vinn ég fyrir almannatengsla- og markaðsdeildirnar við að byggja upp vörumerkið og ferðast um markaði í Evrópu, Miðausturlöndum og Afríku. Á síðustu 8 mánuðum hef ég heimsótt 26 þjóðir.

Prófa sig áfram

Sattar segir frábært að vinna með förðunarvörur. „Mér finnst dásamlegt hvernig hægt er að nota þær til að tjá sig og sé að þannig er því einnig farið hjá íslenskum konum. Í samanburði við hin Norðurlöndin þá virðast íslenskar konur mikið fyrir að prófa sig áfram með förðunarvörur. Norðmenn eru reyndar líka nokkuð ævintýragjarnir en íslenskur konum þykir gaman að leika sér og svo eru þær allar svo fallegar. Ég hef heyrt hvað víkingarnir gerðu og veit því af hverju þær eru svona fallegar.“ Hann brosir glettnislega og gefur í skyn að íslensk fegurð sé tilkomin vegna mannrána en skiptir svo um um ræðuefni.

„En ef förðunarstíll íslenskrar konu yrði færður yfir á danskt andlit, þá yrði það of sterkt útlit fyrir þær. Íslenskar konur virðast mjög opnar fyrir nýjum litum, nýjum straumum og eru alltaf tilbúnar að reyna eitthvað nýtt.“

Hvenær er gengið of langt

Á hinn bóginn segir Sattar að konur frá Svíþjóð og Danmerku séu með



KARIM FARDAR SÖRU
MARÍU JÓHANNESDÓTTUR

NOKKUR RÁÐ KARIMS

1 Farðu aldrei út úr húsi fyrr en farðinn þinn, eða rakakrem, hefur alveg þornað og er kominn í húðina. Annars þurrkast hann í golunniog húðin verður skörðótt.

2 Ef þú tárast vegna þess að þú plokkaðir augabrúnirnar eða potaðir í augað þá skaltu bara kyngja. Það mun stoppa táraflóðið.

3 Vegna þess hve það er mikil rigning og rok skaltu kaupa vörur sem eru smáar en sveigjanlegar eins og Shimmer-waves sem er allt í senn fyrir varir og sem púður, roði og augnskuggi. Með því móti getur þú bætt við hvar sem er.

4 Það nýjasta fyrir varir er „Boyfriend Lips“. Það byrjaði með Boyfriend-gallabuxum og nú snýst allt um kærasta-varir sem er það þegar varir þínar líta út eins og þú hafir nýlega verið að kyssa kærastann. Þú getur bara klínt því á þig með putunum. Til að gera þetta rétt er í raun best að setja þetta á hann og kyssa það af honum.



MEÐ ÞÝSKU FYRIRSÆTUNNI
NADJU AUERMANN



MEÐ LEIKKONUNNI
JANE FONDA

Íslenskar konur virðast mjög opnar fyrir nýjum litum, nýjum straumum og eru alltaf tilbúnar að reyna eitthvað nýtt.

„Hvað fræga fólkíð varðar, þá elska ég fólk með persónuleika. Það er ekki mest áriðandi fyrir mig að það sé með glæsilegt útlit, heldur elska ég fólk sem er myndið. Þannig að þegar ég hitti Jane Fonda þá bara langaði mig til að falla á hnén og tilbiðja hana. Hún er svo einlæg, ögrandi og hefur lifað svo viðburðaríku lífi. Það var ótrúlegt að farða hana.“

hefð bundnari stíl og vilji hreinni svip með sínum förðunarvörum – ekki eins til raunakenndan. „Þær hugsa sem svo að þær viti hvað henti sér og vilji ekki breyta því. Það er svo sem í lagi, en sem förðunarfræðingi finnst mér auðvitað „opnu konurnar“ skemmtilegi.

Samt myndi ég ekkert segja að íslenskar konur notuðu of mikinn farða, þvert á móti að þær væru vandlátar á það sem þær velja. Ekki eins og í Mið-Austurlöndum þar sem maður hefur stundum á tilfinningunni að notaður sé mikill grunnfarði eða breiður svartur eyeliner.“ Fyrst rætt er um þungan grunnfarða og breiðan svartan eyeliner þá spyr ég hann hvernig maður geti vitað hvenær notaður er of mikill farði og hvernig forðast megi slík samkvæmisslys.

„Þegar þú þekkir ekki sjálfa þig í speglinum þá veistu að þú notar of mikinn farða,“ segir Karim hreinskilnislega, „hvort sem þú litur vel eða illa út, þá bara veistu að þú ert með of mikið ef þú ert undrandi á eigin útliti. Þá heyrst alltaf lítill rödd í höfði þínu sem hvíslar að þetta sé of mikill kinnalit. Svo veistu auðvitað líka að þú hefur gengið of langt þegar þú ferð út á lífið og fólk lyftir báðum augabrúnum í forundran, en þá er það auðvitað um seina.“

En Sattar er þeirrar skoðunar að förðun geti líka verið of lítil. „Sumar konur nota aldrei nokkurn tíma farða og það getur verið erfitt að sannfæra þær um að förðun sé ekki bara yfirborðsheldur verji hún til dæmis húðina gegn mengun stórborga.“

Önnur áskorun er að telja konu sem áratugum saman hefur notað sama farðann og sama útliti á að reyna nú eitthvað nýtt. er meiriháttar áskorun að fá slíka konu til að breyta hegðun sinni fá hana til að hætta með rauða varalitinn og reyna beran varalit.

Mamma er þannig gerð, að þegar ég reyni að fá hana til að prófa eitthvað nýtt, þá segir hún bara: „Ónei dreng-þetta gengur ekki upp.“

Kynþættir skipta ekki máli

Hann segir áhugavert að konur glími við sömu áhyggjurnar í sambandi við förðunarvörur um allan heim. „Í starfi mínu skipta kynþættir engu máli, því konur um allan heim hafa sömu þarfir. Ef sagt er við konu hvar sem er í heiminum að hún sé með dökka bauga, þá get ég fullvisað þig um að hún mun upplifa það eins og bregðast við á sama hátt, alveg burtséð frá húðlit.“

Þetta er það sem er svo frábært við það að vera förðunarfræðingur fyrir stórfyrirtæki eins og Body Shop og fá að ferðast um víða veröld og hitta konur sem eru svo ólíkar en samt svo líkar.

Það hljómar eins og glamúr og er mikil upplifun, en auðvitað verður að færa ýmsar fórnir. Það eru alltaf tvær hliðar á lífinu. Ég sé þá staði sem flesta dreymir um, en ég verð líka að borða einsamall.“



GUÐRÚN DÖGG RÓBERTSDÓTTIR
UNGFRÚ ÍSLAND 2009

Myndir/Omar





viðtalið

Fólk tekur mig meira alvarlega

Jóhanna Guðrún Jónsdóttir er búin að vera á fullu síðan í Eurovision. Nú er hún komin með nýjan umboðsmann og stefnir á útgáfu í sumar. Hún er þó ekki á leið á djammað.

Eftir Björn Braga Arnarsson bjornbragi@monitor.is

Hvað ertu búin að vera að gera síðan við Íslendingar grétum af gleði yfir árangri þínum í Moskvu í maí 2009?

Síðasta sumar var ég alveg á fullu og var lítið heima. Ég ferðaðist um Norðurlöndin og kom fram og fór líka til Tyrklands í tvær vikur að dæma einhverja míní-Eurovision-keppni og syngja. Ég man ekki eftir öllum löndunum fyrr en ég fer að skoða myndirnar. Upp á síðkastið hef ég verið að syngja mikið hérna heima, til dæmis með Ingó úr Veðurguðunum.

Hversu þekkt ertu erlendis?

Ég veit það ekki alveg. Ég er þekktust í Svíþjóð, þar þekkjast mig alveg margir og ég er stoppuð úti á götu. Líka í Noregi. Is It True? var alveg þvítíkur hittari í Svíþjóð. Lagið var í 26 vikur á topp 10 listanum og þar af margar vikur í fyrsta sæti. En hlutirnir eru auðvitað fljóttir að kólna niður. Það er jafn erfitt að halda sér á toppnum eins og það er að komast þangað.

Þú varst að stefna í svolítið aðra átt þegar þú ákvaðst að fara í Eurovision, ekki satt?

Það voru margir búnir að spyrja mig hvenær ég ætlaði í Eurovision, því það er í rauninni það eina stóra sem íslenskir tónlistarmenn geta gert í dag. Það eru allir helstu tónlistarmenn Íslands búnir að fara í Eurovision. Mér fannst það alltaf eitthvað hálf kjánalegt og það var aldrei

Jóhanna Guðrún á 4.540 vini á Facebook þegar þetta er skrifað. „Þetta er orðið of mikið,“ segir Jóhanna, sem er með sérstakt aðstoðarfólk sem hjálpar til við að halda síðunni úti. „Enda kann ég ekkert á tölvur.“

á stefnuskránni. Svo hittist þannig á að mér var boðið að fara með fint lag og það var ekkert sérstakt í gangi hjá mér. Ég var nýbúin að klára Madonnu-sýninguna og ákvað að skella mér bara. Það heppnaðist svona helvíti vel.

Af hverju fannst þér það kjánalegt?

Kannski hafði ég þessa skoðun meira þegar ég var yngri. En ég vildi vera svo alvarlegur tónlistarmaður og var hrædd um að fá einhvern stimpil á mig. Ég vildi vera listamaður, ekki Eurovision-söngkona. En ég var heppin að mér gekk vel og komst svona langt. Í kjölfarið hef ég fengið miklu fleiri tækifæri og þá er þetta bara frábært.

Gætir þú hugsað þér að taka aftur þátt í Eurovision?

Ég ætla aldrei að segja aldrei. Ef rétta lagið kemur á réttum tíma veit maður ekki hvað gerist. Mér var boðið að fara fyrir Danmörku núna, en lagið þeirra er eitt það sigurstranglegasta í keppninni í ár. Þeir suðuðu í mér í alveg þrjár vikur. En mér fannst ekki rétt að gera það. Bæði vildi ég ekki taka þátt fyrir annað land en Ísland, þótt ég sé fædd í Danmörku, og eins fannst mér ekki tímabært að fara strax ári seinna.

Fjölmíðlar gerðu mikið úr því að þú og Alexander Rybak væruð miklir vinir.

Já og sögðu að við værum saman og eitthvað svona kjaftæði. Ég talaði ábyggilega mest við hann af öllum, en ekkert af einhverju viti. Ég hef heilsað honum þegar við höfum verið að syngja á sömu hátíðum úti í Svíþjóð og Noregi, en ekkert meira en það.

Þú hefur verið með sama umboðsmann, Mariu Björk, allan þinn feril, en skiptir á dögnum og ert komin með norskan

Á 60 SEKÚNDUM

Uppáhaldssöngvari? Robert Plant.

Uppáhaldshljómsveit? Led Zeppelin.

Uppáhaldssjónvarpsþáttur?

Sopranos. Ég og kærastinn minn tókum maraþon síðustu jóla og kláruðum allar seríurnar. Þetta eru geðveikir þættir.



Besti skyndibiti: Zu Sushi í

Kringlunni. En annars finnst mér eiginlega allur skyndibiti vondur.

Besta íslenska

bíómynd: Djöflaeyjan er fyrsta myndin sem kemur upp í hugann.



Ef þú værir ekki

söngkona? Ég væri ábyggilega leikkona eða eitthvað annað listrænt. Ég gæti allavega ekki verið í níu til fimm vinnu.

umboðsmann. Fannst þér María Björk ekki geta farið með þig á þann stað sem þú vilt komast á?

María er ofsalega góð kona. Hún er manneskjan sem hafði trú á mér þegar enginn annar gerði það. Þegar það var erfitt var hún alltaf til staðar og sagði að við gætum gert þetta. Þetta er allt í mjög góðu, en það er bara komið að ákveðnum tímamarki. Við erum búnar að vinna saman í svo mörg ár. Það er mjög sjaldgæft að umboðsmaður og listamaður vinni saman svona lengi. Það var kominn tími á að prófa eitthvað nýtt.

Vildir þú fá einhvern sem er reyndari á alþjóðlegum vettvangi?

María var alveg fin í því og hún fékk þá bara einhverja aðra til að hjálpa sér. En þessi ný er auðvitað alveg svakalega vel tengdur. Þetta er eitthvað sem á eftir að reyna á og kemur í ljós þegar hann tekur almennilega við.



10 ára að árita plötur fyrir aðdáendur í Kringlunni.



Sameiningartákn Íslands. Jóhanna rokkaði Eurovision.



Jóhanna og Ingó ætla að gera dúett saman í sumar.

JÓHANNA GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR

Hvað er framundan hjá þér núna?

Það er kominn tími á nýtt efni frá mér og ég er byrjuð að semja og velja lög. Ég set pottþétt einhver lög í spilun hérna heima í sumar. Við Ingó erum líka að fara að ferðast um landið og syngja saman í sumar og við stefnum á að gera saman dúett, sem Ingó semur.

Þú hefur verið mjög vinsæl hjá yngstu kynslóðinni. Finnst þér þú hafa átt erfitt með að ná til eldri hlustendahóps? Hefur verið erfitt að losna við barnastjörnutimpilinn?

Já, það var það, en það breyttist kannski svolítið eftir Eurovision. Mér finnst fólk taka mig meira alvarlega. Ég er engin stelpa lengur, ég er að verða kona og haga mér þannig. En ég fann alveg fyrir því fyrst, eins og þegar ég var í Madonna-sýningunni að syngja og dansa hálf nakin, að fólk átti kannski svolítið erfitt með að meðtaka það og losna við hugmyndina um litlu stelpuna með snúðana.

Þú hefur sagt sjálf að þú hagir þér eins og gömul kerling. Er það raunin?

Það er alveg rétt. Ég er gömul kona inni í mér. Ég er ekki vinkonan sem þú hringir í ef þú vilt fara á djammað og svona. Á laugardagskvöldum er ég bara heima uppi í sófa að borða nammi. Ég fæ miklu meira út úr því að vera heilbrigð og gera eitthvað skemmtilegt. Ég vil bara gera hluti sem skilja eitthvað

eftir sig. Ég hef aldrei drukkið og finnst ég bara eins og illa gerður hlutur í þannig umhverfi, nema þegar ég er uppi á sviði að syngja. Mér finnst ekkert að því að fólk djamma og svoleiðis, en það er bara ekki ég.

PLÖTUR JÓHÖNNU

- 2000** Jóhanna Guðrún 9
- 2001** Ég sjálf
- 2002** Jól með Jóhönnu
- 2007** Butterflies and Elvis



Þú ert búin að vera í löngu sambandi. Hvernig gengur þér að láta það ganga upp þegar þú ert á fullu í tónlistinni?

Það er erfitt að vera í þessum geira og vera í sambandi. Það er ekkert að ástæðulausu sem fólkíð í Hollywood getur ekki verið lengi saman. Það er mikið álag á sambandið að vera í svona stússi. En ég er mjög heppin með kærasta. Hann sér mig ekki sem söngkonuna Jóhönnu, heldur Jóhönnu sem er kærastan hans og þælir ekkert í einhverju umstangi, sem er kannski í kringum mig. Hann er ekki afbrýðisöm týpa.

Síðasta spurning er jafnframt sú mikilvægasta. Þú lékst í auglýsingu fyrir Havre Fras. Eru hafrakoddarnir í raun og veru uppáhaldsmorgunkornið þitt, eða varstu að ljúga að okkur?

Það er fyndið að segja frá því að ég hef borðað þetta í mörg ár og er alls ekki að ljúga. Ég lofa því.

■ ■ Þegar ég var í Madonna-sýningunni að syngja og dansa hálf nakin, átti fólk kannski svolítið erfitt með að meðtaka það og losna við hugmyndina um litlu stelpuna með snúðana.



Gaman að fara í myndatöku

Jóhanna Guðrún 10 ára barnastjarna í viðtali við Morgunblaðið 2001.

„Flestir Íslendingar kannast nú orðið við Jóhönnu Guðrúnu...“ Svona hefst grein um Jóhönnu sem birtist í Morgunblaðinu í ársbyrjun 2001, en þá var hún nýbúin að gefa út sína fyrstu plötu, 9. Hér á eftir fer brot úr viðtalinu:

Það er auðvitað mikið ævintýri að vera nýorðin tíu ára einsog Jóhanna Guðrún og fá að reyna alla þessa spennandi hluti sem poppsöngkonur þurfa að takast á við. En hvað ætli sé skemmtilegast?

„Mér finnst rosalega gaman að fara í myndatöku,“ segir Jóhanna Guðrún sem talar af reynslu. „Fyrst fannst mér það ekkert sérstakt en seinna þegar maður verður vanari og frjálslagri, þá myndast maður bara miklu betur. Það sama í vídeóupptökum, það var ekkert smá gaman! Í einu myndbandinu fékk ég fimm stelpur til að vera með mér til að dansa fyrir aftan mig. Það var rosalega gaman að hafa vinkonurnar með og þeim fannst líka mjög gaman að taka þátt í þessu, en ég reyndi að velja þær sem hafa gaman að dansi og eru frjálslagar.“

FÓLK Í FRÉTTUM



Jóhanna Guðrún og vinur hennar Hrökur leika sér í herbergi söngkonunnar.



Morgunblaðið Þorkell

Alltaf verið syngjandi

Jóhanna Guðrún hefur slegið í gegn með nýju plötunni sinni 9. Hún segist þó bara vera venjulegur krakki þegar Hildur Loftsdóttir spyr hana hvort hún sé barnastjarna.

FLESTIR Íslendingar kannast nú orðið við Jóhönnu Guðrúnu sem gaf út diskinn 9 fyrir jól, með ellefu skemmtilegum popplögum við íslenska texta. Söngkonan unga hefur valið besta nýliðinn af Tónlistarverðlaunum fólksins auk þess sem sála hefur náð gullplötusölu og á leiðinni í platinaplötu.

Söngkonan unga hafði það náðugt í faðmi fjölskyldunnar ásamt heimilisbændinum Hröki daginn eftir að hún tók við verðlaunum, þar sem glöð með verðlaunin. Það var líka rosalega gaman í gær. Það er reyndar alltaf gaman að taka þátt í svona uppátökum jafnvel þótt maður vinni ekki neitt,“ segir Jóhanna Guðrún og verður við ósk blaðamannsins um að segja frá því hvernig söngævintýrið „Ég hef verið syngjandi alveg síðan ég var eins árs, en var aldrei beint að hégna um það að verða söngkona.“ Skaffið af því að það var svo gaman,“ segir hún og hlær.



Morgunblaðið Jón Svavarsson

Nýliðin Jóhanna Guðrún syngur lagið „Strax“ á Tónlistarverðlaunum fólksins.

legga gaman að hafa vinkonurnar með og þeim fannst líka mjög gaman að taka þátt í þessu, en ég reyndi að velja þær sem hafa gaman að dansi og eru frjálslagar.“

Gerir mitt besta
Jóhanna Guðrún hefur einnig komið sér upp ágeiðis tækni, líkt og atvinnusöngvarar hljóta að þurfa að hafa, til að koma í veg fyrir að verða stressuð á sviði.

„Það er alveg rosalega gaman að syngja á tónleikum,“ segir hún og minnist þess sérstaklega hverstu gaman var að syngja með Strákunum á Borginni. „Stundum verð ég samt alveg uppþennst en svo þegar ég er komin á sviðið áðvegið er bara að gera mitt besta og þá verður þetta allt í lagi.“
Ef mér finnst ég vera að gleyma textanum þá reyni ég að sjá hann fyrir mér. Ég er með textamóppu með merkingum eftir mómmu, þar sem ég átti að anda eða

Ray-Ban®



SKOÐAÐU – PANTAÐU

www.opticalstudio.is

SJÓNVARP

SEM ÞÚ VERÐUR AÐ SJÁ

FIMMTUDAGUR 1. APRÍL



HAMBORGARA-FABRIKKAN

Stöð 2
19:50 Nýr raunveruleikaþáttur Simma og Jóa. Áhorfendur fá að fylgjast með öllu sem viðkemur undirbúningi opunar Hamborgarafabrickunnar, sem er nýr veitingastaður þeirra félaga.

DESPERATE HOUSEWIVES

Sjónvarpið
21:25 Aðþrengdu eiginkonurnar hafa alltaf í nógu að snúast í einkalífnum enda skortir ekki dramatíkuna í þessum frábæru þáttum.

FÖSTUDAGUR 2. APRÍL




VINUR MINN BOBBY FISCHER

Sjónvarpið
20:15 Heimildarmynd um síðustu árin í lífi Íslandsvinarins og skákmeistarans Bobby Fischers og vináttu hans við Sæmund Pálsson.

SANNLEIKURINN

Stöð 2
20:25 Upptaka af einleiknum Sannleikurinn með Péttri Jóhanni sem sýndur var í Borgar-leikhúsinu við miklar vinsældir.



SLUMDOG MILLIONAIRE

Stöð 2
21:55 Kom, sá og sigraði á Óskarsverðlaunahátíðinni 2009. Fær 8,4 í einkunn á IMDb sem skilar henni mjúklega inn á topp 100 lista yfir bestu myndir allra tíma.

LAUGARDAGUR 3. APRÍL



HIGH SCHOOL MUSICAL 3

Stöð 2
19:35 Dans- og söngvamynd fyrir unglínga. Skaut hjartaknúsarannum Zac Efron upp á stjörnuhimininn.

SATURDAY NIGHT LIVE

Skjár einn
21:15 Einn allra vinsælasti grínþáttur sjónvarpsögunnar. Í þessum þætti er Jon Hamm úr Mad Men gestaleikari en tónlistin verður í höndum hins silkimjúka Michael Buble.



MICHAEL CLAYTON

Sjónvarpið
21:20 Heilsteypt og góð mynd í þyngru kantinum sem fallar um lögræðing í New York sem tekur að sér vafasöm mál. George Clooney sýnir úr hverju hann er gerður.

SUNNUDAGUR 4. APRÍL

TOP GEAR

Skjár einn
20:35 Ef þú hefur áhuga á að horfa á bílaþætti á annað borð, þá horfir þú á Top Gear. Fyndnir og léttruglaðir Bretar með alltof mikið fjármagn frá Breska ríkisútvarpinu til að gera það sem þeim sýnist sem fara undantekningarlaust á kostum og útkoman er afbragðs sjónvarpsfíni.

FORBRYDELSEN

Sjónvarpið
21:15 Danir kunna að svo sannarlega að búa til hágeða sjónvarpsfíni og Glæpurinn er eitt af flaggskipum þeirra. Fáránlega góður spennuþáttur í alla staði og það er engin tilviljun að hann dregur að meðaltali þriðjung dönsku þjóðarinnar að skjánum.



LAUGARDAGUR KL. 11:45

SPORT 2

MAN. UTD - CHELSEA

Elska Rooney eins og son minn

AUDDI OG SVEPPI ERU Í BODI JÓA ÚTHERJA

Manchester United og Chelsea mætast á laugardag. Sveppi og Auddi munu ekki missa af leiknum.

Stórleikur vetrarins í enska boltanum fer fram á laugardaginn þegar toppliðin í deildinni, Chelsea og Manchester United, mætast í mikilvægasta leik tímabilsins. Sjónvarpsmennirnir Auddi og Sveppi eru jafnan miklir vinir, en á laugardaginn verður grunnt á því góða. Auddi er nefnilega eldheitur stuðningsmaður United en Sveppi heldur með Chelsea. Monitor fékk að vera fluga á vegg heima hjá Sveppa er þeir ræddu um leikinn.

S: Djöfull vona ég að Chelsea taki þennan leik á laugardaginn.
 A: Þú ert bara að segja þetta til að pirra mig. Þig langar að United tapi svo þú getir strítt mér á því næstu dagana. Bíddu annars, varstu ekki orðinn Manchester-maður um daginn?
 S: Jú reyndar, en það var bara í smástund. Ég fylgi bara hjartanu í þessum málum. Núna segir hjartað mér að halda alveg rosalega mikið með Chelsea á laugardaginn.

Hvaða þýðingu hefur leikurinn fyrir liðin og ykkar andlegu liðan?

A: Þessi leikur hefur hrikalega mikla þýðingu fyrir liðin. Ég held að ef við vinnum, þá verðum við meistara. Ef ekki, þá tekur Chelsea titilinn. Hvað varðar mig persónulega þá hefur þetta furðulegt nokk alveg hellings áhrif. Stundum jafnvel kjánalega mikil. Ég hálfskamm-

ast mín eiginlega fyrir þetta.

S: Það er svona svipuð tilfinning fyrir mig að vera með veikt barn og það er fyrir Audda þegar United tapar leik.

Hverjir eru uppáhaldsleikmenn ykkar í liðunum?

A: Wayne Rooney. Ég er farinn að elska hann eins og son minn.
 S: Þennan sem þú hittir á Húsavík?

A: Já, ég á einhvern sex ára gutta á Húsavík sem ég skipti mér ekkert af og mér er farið að líða eins og hann sé Wayne Rooney. Nei svona án gríns, ég hélt að það kæmi aldrei neinn leikmaður fram á sjónarsviðið sem ég myndi halda meira upp á en Eric Cantona, en Rooney er að nálgast það. Hann er bara kolruglaður. Svona reiður týpiskur Breti, ljótur og æðislegur.

S: Já, ég fíla Rooney sko. Ef hann

væri ekki í fótbolta væri hann gæinn sem væri fyrir utan völlinn að slást. Svona bulla. En annars eru uppáhaldsleikmennirnir mínir í Chelsea „Super“ Frank (Lampard) og Terry. Þeir eru hrikalega góðir.

Liðin sem Sveppi hefur haldið með



Hvar á svo að horfa á leikinn?

A: Ég verð staddur úti í Portúgal þannig að ég ætla að finna mér einhvern pöbb þar.
 S: Ég ætla að horfa á hann uppi í sumarbústað, nánar tiltekið í Grímsnesinu þar sem ég verð í

rölegheitunum með fjölskyldunni.

A: Ég skal lofa þér að Sveppi á ekki einu sinni eftir að horfa á leikinn. Hann á eftir að gleyma honum.

S: Já, ég var reyndar einmitt að hugsa það.

A: Aftur á móti verður það númer eitt, tvö og þrjú á dagskránni minni að finna stað til að horfa á leikinn þó svo að ég verði í öðru landi á laugardaginn. Ég skal samt hringja í þig og minna þig á leikinn, Sveppi.

S: Já, endilega gerðu það, mig langar mjög mikið að horfa á þennan leik þegar ég þæli í því.

Veðmálið

Auddi og Sveppi féllust á að veðja um úrslit leiksins. Ef United vinnur þarf Sveppi að láta taka mynd af sér fyrir næsta Monitor-blað í United-treyju, en ef Chelsea vinnur þarf Auddi að láta mynda sig í Chelsea-treyju. Auddi vill reyndar meina að þetta sé hálfgerð svindl, þar sem Sveppa þyki miklu minna mál en honum að klæðast treyju andstæðingsins.

Af hverju United og Chelsea?

A: Það var nú bara í gegnum pabba. Ég fékk fyrsta búninginn minn þegar ég var svona sjö ára og sem betur fer hafði gamli kallinn vit á því að halda með réttu liði.

S: Sko, ég er eiginlega upphaflega Aston Villa-maður. Ég átti einu sinni Aston Villa-búning en Ingvar bróðir var Liverpool-maður, sem varð til þess að ég hélt að Villa-búningurinn minn væri Liverpool-búningur. Þannig að upphaflega er ég eiginlega Poolari en var í raun Aston Villa-maður. Ég breytti svo yfir í Manchester United árið 1999 þegar þeir unnu Bayern Munchen í úrslitum Meistaradeildarinnar. Svo byrjaði Eiður vinur minn í Chelsea og þá hugsaði ég: „Jæja, nú er ég bara búinn að finna mitt lið og það er Chelsea.“ Pabbi var samt alltaf Tottenham-maður þannig að ég hef alltaf haldið smá með þeim líka. Sérstaklega núna eftir að Eiður kom til þeirra.

A: Hann er líka svona í íslenska boltanum, hann er Fylkismaður, Víkingur og all.

S: Já, og harður ÍR-ingur!

A: Það er ekkert að marka þetta. Ef United vinnur á laugardaginn kippir Sveppi sér ekkert upp við það. Það er ekkert hægt að böggja hann með íþróttir. Ég verð hins vegar brjáláður ef hann hringir í mig eftir tapleik.

Svipað og ef Björk færi í Oasis



EIÐUR ER AÐ GERA ÞAÐ GOTT HJÁ TOTTENHAM

Eiður Smári Guðjohnsen er einn nánasti vinur Audda og Sveppa. Hann skipti nýverið yfir í Tottenham, þar sem hann er nú á láni, eftir leiðindadöl hjá franska liðinu Mónakó. Eiður hefur verið rjúkandi heitur í undanförunum leikjum og hugnast Audda og Sveppa skiptin vel.

„Mér líst mjög vel á þetta. Hann vill náttúrulega bara vera í toppbaráttu með toppleikmönnum. Svo filar hann líka vel að búa í London,“ segir Sveppi og Auddi bætir við: „Ég nýtti mér tækifærið um daginn og fór út til London í viku og sá tvo leiki með Tottenham. Ég sé Eið skora á móti Fulham og svo sá ég líka Portsmouth-leikinn, sem var reyndar

frekar sorgleg upplifun því Hemmi Hreiðars var borinn sárþjáður af velli. En það var rosalega gaman að sjá Eið skora. Hann er alveg að stimpla sig inn þarna og þeir úti eru hrikalega ánægðir með hann.“

Strákarnir viðurkenna báðir að vera aðeins farnir að hitna fyrir Tottenham. „Maður vill náttúrulega alltaf að fíflinu gangi vel,“ segir Auddi en Sveppi er með aðeins öðruvísi nálgun. „Ég hef aldrei verið neitt sérstaklega mikið fyrir Oasis til dæmis. En ef Björk færi í Oasis myndi ég kaupa diskinn. Mér finnst þetta svipað, þannig að ég er farinn að halda svoltið með Tottenham líka.“

Tryggðu þér miða strax!



GAJURA GANGIUR

eftir Ólaf Hauk Símonarson
með tónlist eftir Nýdönsk



Næstu sýningar:

7.4.	Kl. 20	UPPSELT	30.4.	Kl. 20	UPPSELT
8.4.	Kl. 20	UPPSELT	7.5.	Kl. 20	UPPSELT
9.4.	Kl. 20	UPPSELT	8.5.	Kl. 20	UPPSELT
10.4.	Kl. 16	UPPSELT	12.5.	Kl. 20	UPPSELT
10.4.	Kl. 20	UPPSELT	21.5.	Kl. 20	Örfá sæti
16.4.	Kl. 20	UPPSELT	22.5.	Kl. 20	Örfá sæti
17.4.	Kl. 16	UPPSELT	28.5.	Kl. 20	Örfá sæti
17.4.	Kl. 20	UPPSELT	30.5.	Kl. 20	Örfá sæti
21.4.	Kl. 20	UPPSELT	4.6.	Kl. 20	
22.4.	Kl. 20	UPPSELT	5.6.	Kl. 20	
23.4.	Kl. 20	UPPSELT	11.6.	Kl. 20	
29.4.	Kl. 20	UPPSELT	12.6.	Kl. 20	

Síminn

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is



Borgarleikhúsið

FERILLINN



Jim Carrey

Hæð: 187 sentimetrar.
Besta hlutverk: Lloyd Christmas í Dumb and Dumber.
Skrýtin staðreind: Er með brotna framtönn. Þegar hann lék í Dumb and Dumber fjarlægði hann einfaldlega fyllinguna til að líta út eins og meiri auli.
Eitruð tilvitnun: „Uppeldi mitt í Kanada gerði mig að þeirri manneskju sem ég er. Ég verð alltaf stoltur af því að vera kanadískur.“

1962 Fæddur 17. janúar í Ontario-fylki í Kanada.

1983 Leikur í sinni fyrstu kvikmynd, sjónvarpsmyndinni Rubberface.

1987 Kvænist fyrstu eiginkonu sinni, Melissa Womer, og eignast með henni sitt eina barn, dótturina Jane.

1994 Kvikmyndirnar Ace Ventura: Pet Detective, The Mask og Dumb and Dumber eru frumsýndar og njóta allar stjernfræðilegra vinsælda. Carrey verður á met tíma einn vinsælasti gamanleikari heims.



1996 Fær 20 milljónir Bandaríkjadala í laun fyrir hlutverk sitt í The Cable Guy.

1996 Kvænist Lauren Holly, mótleikkonu sinni úr Dumb and Dumber. Þau skildu innan við ári síðar.

1998 Hlýtur Golden Globe- og MTV-verðlaun sem besti leikari í dramatískri kvikmynd, fyrir frammistöðu sína í The Truman Show.

1999 Hlýtur Golden Globe annað árið í röð fyrir Man on the Moon.

2004 Hlýtur bandarískan ríkisborgararétt.

2005 Byrjar með leikkonunni Jenny McCarthy, en þau eru ennþá saman í dag.




2010 Verður afi í fyrsta skipti, þegar dóttir hans eignast son.



Frumsýningar um páskana

I Love You Phillip Morris

Leikstjórar: Glenn Ficarra og John Requa.
Aðalhlutverk: Jim Carrey, Ewan McGregor, Leslie Mann og Rodrigo Santoro.
Lengd: 102 mínútur.
Dómar: IMDB: 7,4 / Metacritic: / Rotten Tomatoes: 79%.
Aldurstakmark: 12 ára.
Kvikmyndahús: Smárabíó, Laugarásbíó og Borgarbíó.



Svört gamanmynd um fjölskyldumanninn Steven Russell (Carrey). Hann lendir í bílslysi og ákveður í kjölfarið að koma út úr skápnem og byrja að lifa lífinu. Hann er sendur í fangelsi og verður ástfanginn af öðrum homma, Phillip Morris (McGregor). Þegar hann losnar úr grjótinu ákveður hann að beita öllum tiltækum ráðum til að koma Morris út líka.

ALDREI TILNEFNDUR

Jim Carrey hefur aldrei verið tilnefndur til Óskarsverðlauna, þrátt fyrir frábæra frammistöðu í myndum á borð við Truman Show, Man on the Moon og Eternal Sunshine of the Spotless Mind. Jack Nicholson sagði einhvern tímann að Jim Carrey væri Jack Nicholson sinnar kynslóðar. Ferill Carreys spannar rúma tvo áratugi, en til samanburðar var Nicholson tilnefndur fimm sinnum til Óskarsverðlauna á fyrstu 20 árum



VILTU VINNA MIÐA?

Monitor ætlar að gefa nokkrum heppnum lesendum miða á I Love You Phillip Morris. Það eina sem þú þarft að gera er að fara inn á Facebook-síðu Monitors og skrifa athugasemd á kvikmyndabráð vikunnar. Dregið verður á mánudag úr þeim nöfnum sem skrifuð eru á þráðinn.



ÞESSI ÁGÆTI HÓPUR ÆTTI KANNSKI FREKAR AÐ ÍHUGA AÐ FÁ SÉR HUND

How to Train Your Dragon

Leikstjórar: Dean DeBlois og Chris Sanders.
Leikráddir (upprunalegar): Jay Baruchel, America Ferrara, Jonah Hill, Christopher Mintz-Plasse, Craig Ferguson, Kristen Wiig og T.J. Miller.
Lengd: 98 mínútur.
Dómar: IMDB: 8,2 / Metacritic: 7,3 / Rotten Tomatoes: 97%.
Aldurstakmark: Leyfð öllum.
Kvikmyndahús: Smárabíó, Laugarásbíó og Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Akureyri, Keflavík og Selfossi.

Í ævintýraheimi þar sem víkingar og drekar lifa býr víkingastrákurinn Hiccup, sem passar ekki beint inn í heim ættbálkanna og þá hefur að kljást við og bana drekum. Líf Hiccups umturnast þegar hann rekst á dreka sem skorar á hann og víkingafélaga hans að sjá heiminn frá alveg nýju sjónarhorni.

Hot Tub Time Machine

Leikstjóri: Steve Pink.
Aðalhlutverk: John Cusack, Rob Corddry, Craig Robinson, Crispin Glover, Lizzy Caplan og Chevy Chase.
Lengd: 100 mínútur.
Dómar: IMDB: 7,5 / Metacritic: 6,5 / Rotten Tomatoes: 63%.
Aldurstakmark: Leyfð öllum.
Kvikmyndahús: Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Akureyri og Keflavík.



JOHN CUSACK OG FÉLAGAR FARA Í ÖRLAGARÍKAN HEITAN POTT

Nokkrir góðir vinir eru orðnir passlega leiðir á lífinu og á hver og einn þeirra við vandamál að stríða í einkalífinu. Þeir hittast á skíðasvæði og fara á gott fyllir í heitum potti, en þegar þeir vakna daginn eftir er komið árið 1986. Nú fá þeir tækifæri til að hafa áhrif á söguna og breyta framtíðinni.



CHANNING TATUM OG AMANDA SEYFRIED

Dear John

Leikstjóri: Lasse Hallström.
Aðalhlutverk: Channing Tatum, Amanda Seyfried, Richard Jenkins, Henry Thomas og Keith Robinson.
Lengd: 108 mínútur.
Dómar: IMDB: 5,5 / Metacritic: 4,3 / Rotten Tomatoes: 43%.
Aldurstakmark: Leyfð öllum.
Kvikmyndahús: Háskólalabíó, Regnboginn og Borgarbíó.

Hermaðurinn John (Channing Tatum) kynnist Savannah (Amanda Seyfried) í frí í heimabæ sínum og ástin kviknar á milli þeirra. Hann snýr aftur til starfa eftir árásirnar 11. september og gerir fjarlægðin ást þeirra erfitt fyrir. Tárarómans eftir sama höfund og gerði Notebook.

fílófaxið

TÓNLEIKAR, LEIKHÚS, SÝNINGAR, ÍPRÓTTIR, UPPISTAND, PUBQUIZ, TRÚBADORAR OG ALLT ANNAD

BENNI HEMM HEMM MEÐ ÚTGÁFUTÓNLEIKA

Ketilhúsið, Akureyri
20:00

Benni Hemm Hemm spilar á Íslandi

„Ég hef verið að dúlla mér í þessari plötu frá því síðasta haust. Það er komið svolítið síðan ég spilaði síðast á Íslandi þannig að ég er mjög spenntur fyrir því að spila á þessum tónleikum,“ segir Benedikt Hermannsson, betur þekktur sem Benni Hemm Hemm, en hann fagnar útgáfu nýjustu plötu sinnar, Resiliate, með tvennum tónleikum hér landi yfir páskahegina.

„Það verður aðeins öðruvísi stemning á þessum tónleikum miðað við það sem hefur verið hjá mér áður á Íslandi. Það verða fáir að spila og tónlistin öll einhvern veginn lágstemmdari og það verður spennandi að prófa það hér á landi,“ segir Benni sem hefur verið duglegur að spila í Evrópu og Bretlandi undanfarið en hann er búsettur í Edinborg í Skotlandi þar sem hann býr með fjölskyldu sinni.

„Eftir tónleikana á Íslandi fer ég beint í smá tónleikaferðalag um Evrópu. Ég er nýbúinn að spila í London, Oxford og Cardiff og var svo með útgáfutónleika hérna í Edinborg í vikunni þannig að það er hörkustemning í gangi,“ segir Benni sem kann vel við sig ytra. „Edinborg er frábær. Fullt af frábærum hljómsveitum og tónleikum hérna. Svo er aðeins betra veður hérna þannig að þetta er bara toppurinn á tilverunni.“



Mynd/Eggert

1
apríl

fimmtudagur

HORN Á HÖFÐI

Rýmið, Akureyri
14:00 og 16:00 Barnasýning á vegum Leikfélags Akureyrar eftir Guðmund Brynjólfsson og Berg Þór Ingólfsson en leikstjórn er einnig í höndun þess síðarnefnda. Sagan segir af Birni litla sem vaknar einn morguninn með horn á höfðinu. Hann fær vinkonu sína í lið með sér til að komast að ástæðunni fyrir því að hann vill ekki líta út eins og geit það sem eftir er en leikarar í sýningunni eru Sólveig Guðmundsdóttir, Sveinn Ólafur Gunnarsson og Víðir Guðmundsson.

SIRKUS SÓLEY

Salurinn
15:00 og 20:00 Íslenskur sirkushópur sýnir listir sínar í Salnum í Kópavogi. Hópurinn lofar spennandi sirkussýningu þar sem fjör og dirfska ráða fór og áhorfendur mega búast við krassandi sirkusatriðum, áhættuatriðum og vænum brögðum sem aldrei hafa sést áður á Íslandi.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT NORÐURLANDS

Glerárkirkja
16:00 Sinfóníuhljómsveit Norðurlands flytur á tónleikumum sellókonert nr. 1 eftir Dimitri Sjostakovich og sinfóníu nr. 4 í a-dúr eða „itölsku sinfóníuna“ eftir Felix Mendelssohn. Stjórnandi er Guðmundur Óli Gunnarsson en einleikari verður hin hæfileikaríka Bryndís Halla Gyldadóttir.



SÖNGVAHÁTÍÐ BARNNA

Hallgrímskirkja
17:00 Stúlknaðór Seljakirkju, Unglingakór Hafnarfjarðarkirkju, Graduale Futuri úr Langholtskirkju, Kórskóli Langholtskirkju og Skólakór Holtaskóla í Keilavík koma fram ásamt einvala liði hljóðfæraleikara. Stjórnandi er Tómas Guðni Eggertsson, organisti Seljakirkju, en biskup Íslands, Karl Sigurbjörnsson, heldur stutt erindi á milli laga. Atburðurinn er hluti af Kirkjulistahátíð 2010.

39 ÞREP

Leikfélag Akureyrar
19:00 og 22:00 39 þrep, eða The 39 Steps, er nýlegur gamanleikur eftir Patrick Barlow, sem byggður er á hinna þekktu kvikmynd Alfreds Hitchcocks, eftir samnefndri skáldsögu Johns Buchans. Í þessu nýstárlega verki blandast saman spennna og gamanleikur en sýningin þykir afar hröð og spennandi. Þess má til gamans geta að leikararnir fjórir í sýningunni, Atli Þór Albertsson,



Björn Ingi Hilmarsson, Jóhann G. Jóhannsson og Þrúður Vilhjálmisdóttir, þurfa að bregða sér í 139 hlutverk meðan á sýningu stendur. Leikstjórn er í höndum Mariu Sigurðardóttur.

ÚRSLITAKEPPNI Í KÖRFUBOLTA

Toyota-höllin
19:15 Nú er að duga eða drepast fyrir Keflvíkings á heimavelli eftir að Tindastöll náði að knýja fram oddaleik með góðum sigri á Sauðárkróki í síðasta leik liðanna. Sigurvegarinn í leiknum fer áfram og spilar til undanúrslita í Íslandsmótinu.

ÚRSLITAKEPPNI Í KÖRFUBOLTA

Ásgarður
19:15 Leikir Stjórnunnar og Njarðvíkinga hafa verið gríðarlega spennandi í vetur og nú er svo komið að liðin mætast í oddaleik í Garðabæ eftir að hafa unnið sinn leikinn hvort í 8 liða úrslitum. Sigurvegarinn í leiknum fer áfram og spilar til undanúrslita í Íslandsmótinu.



SUPER CHIKAN AND THE FIGHTING COCKS

Hilton Reykjavík Nordica
20:00 Þeir sem vilja upplifa blús af ýrari gerðinni settu ekki að hika við að mæta á Hilton-hótelid á fimmtudagskvöld. Super Chikan and the Fighting Cocks koma beint frá Mississippi, en Chikan er þekkt nafn í blúsheiminum og þeir sem fara á tónleika með honum verða sjaldnast sviknir. The Fighting Cocks skipa þrjár frábærar blússöngkonur en þær eru LaLa Craigdelong, Heather Tackett og Jamiesa Turner.

KLÚBBUR BLÚSHÁTÍÐAR

Rósenberg
20:00 Lokakvöld Blúshátíðar í Reykjavík 2010. Fram koma Blús Víkingarnir, The Vintage, Hulda Rós og Rökkurbandið og Vax. Íslensk blússtemning af bestu gerð.

GETSEMANESTUND - AFSKRÝÐING ALTARIS VIÐ TÓNLIST GESUALDO

Hallgrímskirkja
20:00 Kvöldmessa með altarisgöngu en prestur er sr. Jón Dalbú Hróbjartsson. Tónverkið Tenebrae Responsoria eftir ítalska tónskáldið Gesualdo verður flutt af meðlimum úr kammerkórnum Schola cantorum undir styrkri handleiðslu Harðar Áskelssonar. Atburðurinn er hluti af Kirkjulistahátíð 2010.



UPPHITUNARPARTÍ ALDREI FÓR ÉG SUÐUR

Krúsin, Ísafirði
21:00 The Reykjavík Grapevine og Aldrei fór ég suður standa fyrir upphitunarpartí sem þeir kalla „Uppáhalds fjörbærlega AFÉS upphitunarpartíð þitt“ en mjög líklegt verður að teljast að atburðurinn muni standa undir nafni því Reykjavík og Morðingjarnir munu sjá um tónlistarfjörvið á meðan grínkarlarnir í Mið-Íslandi munu flytja uppistand af sinni alkunnu snilld. Monitor bendir á skemmtilega umfjöllun um hátíðina Aldrei fór ég suður framar í blaðinu.

TRÚBADORSTEMNING

English Pub
21:00 Trúbadorarnir Maggi og Hlynur halda uppi hressri gítarstemningu á English Pub í Austurstræti og trylla lýðinn til miðnættis.

DREKKTU BETUR

Amma Habbý, Edinborgarhúsinu Ísafirði
22:00 Spurningakeppni að hætti Vestfirðinga. Spurningarnar eru almenns eðlis og spyrill verður Gunnar Atli Gunnarsson. Verðlaun fyrir sigurvegara eru einn kassi af bjór sem ætti að koma sér vel fyrir hátíðargesti Aldrei fór ég suður. Sagan segir að Amma Habbý bjóði upp á bestu borgarana á landinu og nú gefst tilvalið tækifæri fyrir gesti og gangandi að sannreyna þá kenningu yfir helgina.



Frábær tilboð á flottum sínum

Sumarsundkort Vodafone fylgir völdum sínum. 0 kr. í sund í allt sumar.



Sumarsundkort fylgir*

Nokia 2720
16.900 kr.



Sumarsundkort fylgir*

LG Viewty
29.900 kr.



Sumarsundkort fylgir*

Nokia 5230
33.900 kr.

power to you



*Gildir fyrir 6 - 18 ára í allar sundlaugar ÍTR til 1. september 2010



KIRKJULISTAHÁTÍÐ – HALLGRÍMSPASSÍA

Hallgrímskirkja
17:00 Hvað er meira videigandi á föstudaginn langa en að mæta í Hallgrímskirkju og hlýða á Hallgrímspassíu Sigurðar Sævarssonar? Um flutning verksins sjá Schola cantorum og Caput-hópurinn, konsertmeistari er Sigrún Eðvaldsdóttir en stjórnandi er Hörður Áskelsson.

TRÚBADORSTEMNING

English Pub
21:00 Trúbadorarnir Maggi og Hlynur halda uppi hressri gítarstemningu á English Pub í Austurstræti og trylla lýðinn til 05:00 um nóttina.

FÚLAR Á MÓTI

Marína, Akureyri
21:00 Stöllumar Edda Björgvinsdóttir, Helga Braga Jónsdóttir og Björk Jakobsdóttir eru mættar aftur í Fúlar á móti og segjast vera fúlli og myndnari en nokkru sinni fyrr. Leikstjóri er María Sigurðardóttir en leikgerð og íslenskun var í höndum Gísla Rúnars Jónssonar.

OOMP! OOMP! II

Venue
23:55 Upprennandi tónlistarmenn spila frumsamda danstónlist á Venue í Tryggvagötu en áætlað er að gera þetta að mánaðarlegum viðburði. Á þessu kvöldi koma fram Captain Fufanu, DJ Hero's Trial og Kiasmos en síðastnefndu hljómsveitina skipa Ólafur Arnalds og Bloodgroup-meðlimurinn Janus Rasmussen.

ELTU HVÍTU KANÍNUNA

Valaskjál, Egilsstöðum
00:00 Félagarnir Óli Geir og Haffi Haff túra landið yfir páskana. Túrin hefur hlotið nafnið „Follow the White Rabbit“ og gefst aðdáendum þeirra nú tækifæri til að elta þá um allt land.

BIGGI MAUS OG MATTI FYRIR NORDAN

Pósthúsbarinn, Akureyri
00:00 Biggi Maus og Matti úr Popplandi hafa þeytt skífum með góðum árangri í miðbæ Reykjavíkur undanfarnin ár. Um helgina ætla þeir félagar að færa sig um set norður yfir heiðar og plan-ir er að rokka splunkunýjan skemmtistað, Pósthúsbarinn, almennilega í gang.



SÁLARBALL

Spot
00:00 Ein vinsælasta ballhljómsveit í íslensku tónlistarsögu gerir það sem hún gerir best og blæs til tónleika á Spot í Kópavogi. Húsið verður opnað á miðnætti eða um leið og föstudeginum langa lýkur formlega. Ef drengirnir sýna sitt rétta andlit má búast við gríðarlegu fjöri.



PÁLL ÓSKAR

Sjallinn, Akureyri
00:00 Óumdeilanlega hinn eini sanni poppkonungur Íslands mætir í Sjallinn og byrjar að telja í upp úr miðnætti. Palli hefur verið í banastuði síðustu tvö ár og gersamlega reykt íslenska tónlistarmarkaðinn. Þeir sem hafa mætt áður á tónleika með kappanum vita hvað þeir eiga í vændum en þeir sem hafa ekki gert það geta byrjað að hækka væntingarnar strax.

BLAZROCA TÓNLEIKAR

800 bar, Selfossi
00:00

Herra Hali og Ungfrú frænka


„Þetta verður sturlað.“ segir rappdólgurinn Erpur Eyvindarson sem kemur fram ásamt Friðriki Dór og DJ Atla. „Selfoss er náttúrlega bílaborg Íslands. Menn eru að fara að spæna upp malbikið þarna fyrir framan sem er bara mjög gott.“

Erpur á eitt vinsælasta klúbbalag landsins um þessar mundir en það er lagið „Viltu dick?“ sem er spilað á nánast öllum skemmtistöðum landsins þessa dagana og virðist ekkert lát ætla að verða á vinsældum þess. „Þetta fer bara rísandi, lagið er komið hátt inn á topplista FM957 og svona. Þetta er mjög ferskt lag og mjög ferskur texti, mjög gott helgarlag. Þetta fjallar um aðstæður sem allir kannast við. Stelpurnar kannast við að vera „hellaðar“ klukkan fimm og nenna ekki að tala við gaurinn nema fá drykk í staðinn, og gaurarnir að sama skapi klukkan fimm sem vilja bara losa „dick“,“ útskýrir Erpur spurður um ástæðurnar á bak við vinsældir lagsins.

Frasarnir að detta sterkir inn

„Lagið er líka fullt af frösom sem eru að detta skuggalega inn núna,“ heldur Erpur áfram. „Ég var að heyra sögu frá Framhaldsskólanum á Húsavík en þau voru einmitt að krýna „herra“ og „ungfrú“ skólans nema þau voru titluð „Hali“ og „Frænka“ skólans. Svo þekkt náttúrlega allir frasann „að vera á halanum“. Sama má segja um orðatiltækin að „aftaka helgina“ og „þrífa af sér syndina,“ segir Erpur sem stefnir á að gefa út veglega 15 laga plötu á næstunni sem hann er að taka upp í stúdíó Geimsteini í Keflavík sem er rekið af afkomendum Rúnars Júlíussonar. „Maður er að feta í fótsporin á goðsögn, andi Rúnars Júl. svífur yfir vötnum þarna í hljóðverinu.“

ERPUR VERÐUR REYKSPÓLANDI Á SELFOSSI Á FÖSTUDAGINN



Mynd/Eggert

laugardagur

HORN Á HÖFÐI

Rýmið, Akureyri
14:00 og 16:00 Barnasýning á vegum Leikfélags Akureyrar eftir Guðmund Brynjólfsson og Berg Þór Ingólfsson en leikstjóri er einnig í höndum þess síðarnefnda. Sagan segir af Birni litla sem vaknar einn morguninn með horn á höfðinu.

FAGNAÐARGJÖRNINGUR Í KLUKKUTURNINUM

Hallgrímskirkja
15:00 Flutt verða verk fyrir kirkjuklukkur og lúðra eftir Viktor Orra Árnason og Hjört Ingva Jóhannesson úr hljómsveitinni Hjaltalín og Guðmund Stein Gunnarsson og Inga Garðar Erlendsson úr Samtökum listrænt ágegra tónsmíða umhverfis Reykjavík (S.L.A.T.U.R.).

SIRKUS SÓLEY

Salurinn
15:00 og 20:00 Íslenskur sirkushópur sýnir listir sínar í Salnum í Kópavogi. Hópurinn lofar spennandi sirkussýningu þar sem fjór og dirfska ráða för og áhorfendur mega búast við krassandi sirkusatriðum, áhættuatriðum og vænum brögðum sem aldrei hafa sést áður á Íslandi.



ÚRSLITAKEPPNI Í KÖRFU- BOLTA KVENNA

Hveragerði
16:00 Hamarsstelpur hafa komið allra liða mest á óvart í Iceland Express-deild kvenna í vetur og eru komnar alla leið í úrslitin um Íslandsmeistararitilinn þar sem þær etja kappi við deildarmeistarana í KR. Nú er spennan heldur betur farin að færa sig í aukana en vesturbærstelpur þurfa að keyra austur fyrir fjall og spila fjórða leikinn í rímmunni í dag.

KAMMERTÓNLEIKAR

Hallgrímskirkja
16:30 Hljóðfæraleikarar úr Kammersveitinni Ísafold og Kammerhópnum Elekru leika fjölbreytta kammertónlist í suðurvæng Hallgrímskirkju en tónleikarnir eru hluti af Kirkjulistahátíð 2010.



KRISTJÁN JÓHANNSON OG SÖNGVINIR

KA-höllin, Akureyri
17:00 Einn fremsti óperusöngvari Íslands fyrr og síðar, Kristján Jóhannsson, heldur út á land og flytur nokkra tónleika á landsbyggðinni á næstunni. Að þessu sinni er hann mættur í höfuðstað Norðurlands.



HELLISBÚINN

Sjallinn, Akureyri
19:00 Íslendingar kunna greinilega vel að meta þennan vinsælasta einleik veraldar, en nú hafa 15.000 manns séð þessa uppfærslu af Hellisbúinum. Í þetta skipti er Hellisbúinn, leikinn af Jóhannesi Hauki Jóhannessyni, mættur í Sjallann þar sem ein páskaþýning verður sett á svið.

39 ÞREP

Leikfélag Akureyrar
19:00 39 þrep, eða The 39 Steps, er nýlegur gamanleikur eftir Patrick Barlow, sem byggður er á hinni þekktu kvikmynd Alfreds Hitchcocks, eftir samnefndri skáldsögu Johns Buchans. Í þessu nýstárlega verki blandast saman spennna og gamanleikur en sýningin er afar spennandi.

Námsstyrkir fyrir félaga í Námsvild

Árlega veitir Íslandsbanki tíu félögum í Námsvild námsstyrk

- 2 styrkir til framhaldsskólánáms kr. 100.000 hver
- 4 styrkir til háskólánáms (BA/BS/B.Ed) kr. 300.000 hver
- 4 styrkir til framhaldsnáms á háskólastigi kr. 500.000 hver

Umsóknarfrestur er til 1. maí 2010.

Sótt er um á vef Íslandsbanka, www.islandsbanki.is.

Helstu kostir Námsvildar

- Ókeypiss deþektort
- 150 friar deþektortafærslur á ári
- Styrkir til náms og bókakaupa
- Stúdentakort hlaðið fríðindum
- Framfærslulán í erlendri mynt
- ... og margt fleira

islandsbanki@islandsbanki.is

www.islandsbanki.is

Sími 440 4000

Íslandsbanki

FÚLAR Á MÓTI

Marina, Akureyri
21:00

Fúlarí en nokkru sinni fyrr

„Við vorum löngu búnað að ákveða að fara norður yfir páskana og sýna þar. Við höfum aðeins verið að einfalda sýninguna, stytta hana, breyta og bæta því við ætlum með hana í smáferð í kringum landið á næstunni,“ segir Helga Braga Jónsdóttir sem leikur ásamt stöllum sínum Eddu Björgvinsdóttur og Björk Jakobsdóttur í gamanleiknum Fúlar á móti sem María Sigurðardóttir leikstýrir. Stelpurnar hafa lofað að vera fúlli og myndari en nokkru sinni fyrr en Helga Braga segir að það reyni talsvert á sig að leika svona fúla manneskju en hún segir það ekki vera í eðli sínu, eitthvað sem ætti að koma fæstum á óvart. „Það eru þó sumir hlutir sem fara alveg óstjórnlega í taugarnar á mér. Til dæmis hæg þjónusta og þegar fólk er alveg ógeðslega lengi að hreyfa sig. Tekur fimm ár í eitthvað sem á að taka fimm sekúndur. Þá verð ég alveg brjáluð,“ segir Helga og er fljót að tína til fleiri hluti. „Líka þegar fólk vill ekki taka ábyrgð. Ég verð alveg brjáluð þegar fólk þorir ekki að taka ábyrgð á einhverju sem það ætti augljóslega að taka ábyrgð á. Ég er kannski svolítið fljót upp svona þegar ég byrja,“ segir Helga Braga og hlær.

3
apríl



FÚLAR Á MÓTI FYRIR NORÐAN Á LAUGARDAGINN

Mynd/Kristinn

Helgin mín

Ari Eldjárn, grínisti úr Mið-Íslandi

Helgin mín hefst í dag (fimmtudag) með flugi til Ísafjarðar þar sem við félagarnir í Mið-Íslandi verðum með uppistand í kvöld. Ég hef saknað þeirra mikið seinustu daga en ég er nýkominn heim úr vikulegri uppistandsferð um London þar sem ég tróð upp daglega á ensku. Það verður því æðislegt að stíga á stökk með þeim á Krúsinni í kvöld og grínast aftur á ástkæra ylhýra. Með okkur verða hljómsevitimar Reykjavík! og Morðingjarnir, en kvöldið er liður í Aldrei fór ég suður hátíðinni sem ég og kærastan mín ætlum að skemmta okkur á yfir helgina. Grín, tónlist og Ísafjörður: þannig rúlla ég.



SMART ENERGY™
POWERED BY LEPPIN

KLÁRAÐU LEIKINN

-með nýju og endurbættu Soccerade

CRISTIANO RONALDO
is powered by Smart Energy™

Soccerade

- Er byggt á Leppin Smart Energy
- Inniheldur flókin kolvetni
- Ekkert koffín, taurín eða önnur örvandi efni
- Náttúruleg litarefni
- Án Aspartam

www.soccerade.com

ÚTGÁFUTÓNLEIKAR BENNA HEMM HEMM

Norræna húsið
19:00 Aðrir af tvennum tónleikum sem Benni Hemm Hemm heldur á Íslandi í tilefni af útgáfu þriðju stuttskífu sinnar sem nefnist Retaliate. Benni er búsettur í Edinborg um þessar mundir þannig að aðdáendum gefst þarna kjörið tækifæri til að berja kappann augum.

ELTU HVÍTU KANÍNUNA

800 bar, Selfossi
21:00 Félagarnir Óli Geir og Haffi Haff túra landið yfir páskana. Túrin hefur hlotið nafnið „Follow the White Rabbit“ og gefst aðdáendum þeirra nú tækifæri til að elta þá um allt land.

SPUNI Í MYRKRI KIRKJU

Hallgrímskirkja
21:15 Ólöf Arnalds söngkona flytur ásamt danshópnum HNOÐ og fjölda annarra tónlistarmanna tónlistar- og dansspuna í myrkvaðri Hallgrímskirkju. Atburðurinn er hluti af Kirkjulistahátíð 2010.

BIGGI MAUS OG MATTI FYRIR NORÐAN

Pósthúsbarinn, Akureyri
22:00 Biggi Maus og Matti úr Popplandi hafa þeytt skífum með góðum árangri í miðbæ Reykjavíkur undanfarin ár. Um helgina ætla þeir félagar að færa sig um set norður yfir heiðar og planið er að rokka splunkunýjan skemmtistað, Pósthúsbarinn, almennilega í gang.

Í SVÖRTUM FÖTUM

Félagshönnun, Blönduósi
22:00 Ein allra vinsælasta ballhljómsevit sýningu á Íslandi hefur látið lítið fyrir sér fara að undanförmu. Nú eru félagarnir komnir aftur á kreik, ferskari en nokkru sinni fyrr og segjast engu hafa gleymt.

INGÓ OG VEÐURGUÐIRNIR

Félagshönnun Hvammstanga
23:30 Ingó og Veðurguðirnir er án efa með vinsælastu hljómsevitum landsins í dag. Plata þeirra, Góðar stundir, hefur alið af sér slagara eins og enginn sé morgundagurinn en gripurinn sat á topp 10 á Tónlistanum yfir mest seldu plötur á Íslandi í um fimm mánuði.

SÁLARBALL

Sjallinn, Akureyri
00:00 Ein vinsælasta ballhljómsevit í íslenskrum tónlistarsögu gerir það sem hún gerir best og blæs til tónleika á Sjallanum á Akureyri. Húsið verður opnað á miðnætti og spilar Sálín stíft þriggja klukkutíma prógramm og ætlar að gera heiðarlega tilraun til að rífa þakið af húsinu.



Allt að gerast

Ert þú að gera eitthvað skemmtilegt?

Þá viljum við fjalla um þig.

monitor@monitor.is

MONITOR

Allt að gerast - alla fimmtudaga!



Mynd/Sverrir

BALL HJÁ Í SVÖRTUM FÖTUM

Sjallinn, Akureyri

00:00

Í danskeppni við hljómborðsleikarann

Stuðhljómveitin Í svörtum fötum er að koma aftur fram á sjónarsviðið með hveli. Á sunnudagskvöldið verða þeir félagar í Sjallanum á Akureyri en þar er Jónsi á heimaslóðum. „Ég er að fara í minn heimabæ. Þarna sleit ég barnskónum, bæði syngjandi uppi á sviði og dansandi uppi á borðum. Það er alltaf sama yndislega heimakæra tilfinningin að koma norður og fara á Greifann og svo í Sjallann á eftir,“ segir Jónsi.

„Ég ætla líka að reyna að fara eitthvað á skíði og hver veit nema við skellem okkur bara upp í fjall með kassagítarinn á sunnudaginn,“ segir hann hress að vanda, en hann er gríðarlega spenntur fyrir því að spila í Sjallanum. „Gestir mega búast við bæði gömlum og nýjum lögum og því sem hefur gert okkur eina af þeim bestu á böllum hingað til,“ segir Jónsi.

Hann segir hljómveitina hafa uppfært lagalistann og að ballgestir megi búast við þeim kraftmeiri en nokkru sinni fyrr.

Tekur upp á símann í bílum

Jónsi segist hafa verið að semja lög eins og „villimannatittlingur“ að undanförmu og er hann ávallt reiðubúinn að taka upp þegar uppskrifin að hinu fullkomna lagi dettur niður í hausinn á honum. „Ég er bara skíthæddur við að týna símanum mínum því ég er með einhverjar 120 hugmyndir að lagabútum inni í honum. Ég stoppa jafnvel á rauðu ljósi, rífa upp símann og raula í hann alveg eins og ég lífið að leysa. Fólk í næstu bílum rekur oft upp stór augu við þessa sjón. Ég þarf alltaf að þrifa framrúðuna annað slagið því það kemur smá slef á hana í öllum æsingnum,“ segir Jónsi.

Hann hefur lagt það í vana sinn að fara í danskeppni við hljómborðsleikarann í sveitinni, Einar Örn Jónsson, en hefur alltaf beðið ósigur hingað til. „Nú mun draga til mikilla tíðinda þar sem ég hef undirbúið rosalegt dansatriði. Ég mun mæta í sérstaklega hönnuðum búningi innfæddra indjana frá Colorado. Áki bassaleikari hefur dæmt hingað til og þess vegna hef ég alltaf tapað, en nú er ég búinn að redda nýjum dómara þannig að ég mun vinna þessa danskeppni í fyrsta skipti í Sjallanum á sunnudaginn,“ segir Jónsi og bætir við að það yrði stór stund fyrir hann. „Ef þetta gengur eftir verður allt vitlaust og ég mun rífa mig úr að ofan eða eitthvað álíka. Ætli ég rífi mig reyndar ekki úr að ofan hvort sem er fyrst að ég er nú á heimavelli þarna.“

sunnudagur

4
apríl

PÁSKAGUÐSPJÓNUSTA MEÐ HELGILEIK

Hallgrímskirkja

08:00 Páskahelgileikur úr Hólabókinni 1589 fluttur af Mótettukór Hallgrímskirkju, einsöngvurum og hljóðfærleikum. Stjórnandi er Hörður Áskelsson og orgelleikari er Björn Steinar Sólbergsson en atburðurinn er hluti af Kirkjulistahátíð 2010.



KANTÓTUGUÐSPJÓNUSTA Á PÁSKUM

Hallgrímskirkja

11:00 Hátíðarkantatan „Jauchzet Gott in allen Landen“ BWV 51 eftir J. S. Bach fyrir sópran, trompet og strengi flutt af félögum úr Alþjóðlegu barokksveitinni í Den Haag og Herdisi Önnu Jónasdóttur sópran. Stjórnandi er Hörður Áskelsson, orgelleikari er Björn Steinar Sólbergsson og Mótettukór Hallgrímskirkju syngur.

LJÓSMYNDASÝNING

Thorvaldsen bar

11:30 Þessa dagana sýnir María Kristín Steinsson ljósmyndir sem hún tók á árinu 2009. María er með BA-gráðu í fögurum listum frá City & Guilds of London Art School. Hún hefur tekið þátt í samsýningum bæði hér á Íslandi og í Bretlandi en þetta er fyrsta einkasýning Maríu Kristínar á ljósmyndum. Tilvalið að nýta sunnudaginn í að skella sér á ljósmyndasýningu.

TRÚBADORSTEMNING

English Pub

21:00 Trúbadorararnir Þór og Addi halda uppi hressri gítarstemningu á English Pub í Austurstræti og trylla lýðinn til 05:00 um nóttina.



ÞYNNKUBÍÓ Á PRIKINU

Prikið

22:00 Prikið býður landsmenn sem þjást af timburmönnum sérstaklega velkomna á bíósýningu í notalegu og hlýlegu umhverfi. Að þessu sinni verður boðið upp á íslenska kvikmynd en meira er ekki gefið upp á þessu stigi.

BUFF-BALL Í EYJUM

Höllinni, Vestmannaeyjum

22:30 Það vantar sjaldnast stuðið þegar Buffið spilar fyrir dansi. Páskaballið þeirra þetta árið verður í Höllinni í Eyjum og hingað til hafa færri Eyjapeyjar komist að en hafa viljað á böllum sveitarinnar þar.



INGÓ OG VEÐURGUÐIRNIR

Spot

00:00 Ingó og Veðurguðirnir er án efa með vinsælustu hljómveitum landsins í dag. Plata þeirra, Góðar stundir, hefur alið af sér slagara eins og enginn sé morgundagurinn en gripurinn sat á topp 10 á Tónlistanum yfir mest seldu plötur á Íslandi í um fimm mánuði. Guðirnir lofa gríðarlegu stuði.

WHAM

SEAL

BLOONIE

AC-DC

U2

ABC

OFL.

SIMPLE MINDS

NEW ORDER

BLACK BOX

DURAN

DURAN

GUNS N ROSES

CURE

GO WEST

MADONNA

SNAP

MICHAEL JACKSON

RICK ASTLEY

SPANDAU BALLET

LAIK BACK

FRANKIE GOES TO HOLLYWOOD

TEARS FOR FEARS

SALTY PEPPA

OFL.

BULLY IDOL

RICK JAMES

LIMAHIL

CULT

HUMAN LEAGUE

CUTTING CREW

FLASH

BACK


PÁSKAR

FLASHBACK PARTY Á KANANUM ALLA PÁSKANA

FM93.9 Á AKUREYRI - FM91.9 OG 100.5 Í REYKJAVÍK - FM100.5 Á SUÐURLANDI - FM104.7 Í VESTMANNAEYJUM FM103.2 Á EGILSSTÖÐUM - FM100.5 FIMMVÖRÐUHÁLS WWW.KANINN.IS - DIGITAL ÍSLAND -



MIDAR Á HOT TUB TIME MACHINE OG CLASH OF THE TITANS ALLA PÁSKANA



NÝTT! FRAMHALDSPÆTTIR Á JÁ.IS

-OG ÞÚ GETUR HAFT ÁHRIF Á SÖGUNA!



Hver er ég? ←
 - Koma mér í gott foru
 - Flægja meira - vera ha
 - Fínna mína típu - f
 - Verða betri elskhugi
 - Mig langar í hund
 - Ná sambandi við
 - Fínna ný áhuga
 - Gera
 - Framfarir
 - Leita
 - F

Ég „gulu-síða“
allt til að komast
á sporið.



TAKTU ÞÁTT og ef þitt innlegg hefur áhrif á næsta þátt geturðu unnið verðlaun frá þeim fjölda fyrirtækja sem eru skráð á Gulu síðurnar í **118**, Já.is og í Símaskránni. Og jafnvel orðið gestur í næsta þætti og prófað eitthvað nýtt og spennandi með Ívari.

Fylgist með þáttunum á Já.is

Þú skrifar söguna!

Taktu þátt!

Málum bæinn **gulan...** **já**

